Section 24.3. The Government shall notify the EFTA Surveillance Authority of the terms and conditions of its involvement (including the involvement of the Treasury and the Harbour Fund) in the Project through the Project Agreements.

H. J.

The Government shall concurrently with the signing of this Agreement provide a copy of such notification to the Company and Columbia and shall promptly inform the other Parties of the decision of the EFTA Surveillance Authority concerning its notification.

IN WITNESS WHEREOF, this Agreement has been signed on behalf of the Government, Columbia and the Company as of the date first above written, in three copies.

FOR THE GOVERNMENT OF ICELAND:      FOR X HF:

By \_\_\_\_\_  
Minister of Industry

By \_\_\_\_\_  
Chairman of the Board

For COLUMBIA:  
By \_\_\_\_\_  
President

*H. P. J.*





VII. drög - 16. Desember 1996

FJÁRFESTINGARSAMNINGUR

MILLI

RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS

OG

COLUMBIA VENTURES CORPORATION

OG

X HF

## Fjárfestingarsamningur

milli

Ríkisstjórnar Íslands

og

Columbia Ventures Corporation

og

X hf.

FJÁRFESTINGARSAMNINGUR gerður hinn \_\_\_\_ dag \_\_\_\_\_ mánaðar 1997

milli

RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS, sem iðnaðarráðherra kemur fram fyrir, í fyrsta lagi,

COLUMBIA VENTURES CORPORATION (hér á eftir nefnt "Columbia"), sem er fyrirtæki stofnað og starfrækt samkvæmt lögum Oregonríkis í Bandaríkjunum Norður-Ameríku og hefur höfuðstöðvar sínar að 1220 Main Street, Suite 200, Vancouver, Washington 98660, USA, í öðru lagi

og

X hf (hér á eftir nefnt "félagið" eða "X hf."), sem er hlutafélag stofnað samkvæmt íslenskum lögum og hefur höfuðstöðvar sínar að Grundartanga í Skilmannahreppi og Hvalfjarðarstrandarhreppi í Borgarfjarðarsýslu á Íslandi, í þriðja lagi.

MEÐ ÞVÍ AÐ ríkisstjórnin (svo sem hún er síðar skilgreind) hefur áhuga á að hvetja til stofnunar orkufræks iðnaðar á Íslandi, sem nýtir raf- og jarðvarmaorku landsins og auka þar með fjölbreytni í efnahagslífi landsins;

MEÐ ÞVÍ AÐ Alþingi hefur með heimildarlögunum heimilað byggingu nýrrar álbræðslu á Íslandi, sett tilteknar reglur og veitt Columbia og félaginu tilteknar undanþágur varðandi stofnun og starfsemi bræðslunnar og heimilað ríkisstjórninni að gera samning þar sem nánar er kveðið á um skilmála slíkrar stofnunar svo og frekari skilmála og undanþágur er við eiga um byggingu og starfrækslu slíkrar bræðslu;

MEÐ ÞVÍ AÐ félagið var stofnað hinn \_\_\_\_\_, 1997, af Columbia Ventures Corporation í þeim tilgangi að byggja og starfrækja bræðslu á Grundartanga í Skilmannahreppi og Hvalfjarðarstrandarhreppi í Borgarfjarðarsýslu á Íslandi til þess að framleiða ál í samræmi við skilmála og skilyrði, m.a., verkefnasamninganna (svo sem þeir eru skilgreindir hér á eftir), og hafa með höndum slíka framleiðslu og skylda starfsemi, með það fyrir augum að hefja framleiðslu árið 1998;

MEÐ ÞVÍ AÐ Landsvirkjun (svo sem hún er skilgreind hér á eftir) er reiðubúin að láta í té það rafmagn sem nauðsynlegt er til þess að starfrækja bræðsluna og nauðsynlegan búnað við höfnina;

MEÐ ÞVÍ AÐ ríkissjóður (svo sem hann er skilgreindur hér á eftir) er reiðubúinn til þess að láta í té lóð undir álbræðsluna;

MEÐ ÞVÍ AÐ hafnarsjóður er reiðubúinn að tryggja X hf. nauðsynlegan aðgang að höfninni við Grundartanga og hafnarmannvirkjum;

HAFA ÞVÍ ríkisstjórnin, Columbia og félagið (hér á eftir sameiginlega nefndir "aðili" hvert um sig en "aðilar" sameiginlega) gert með sér eftirfarandi samning:

#### 1. gr.

#### Skilgreiningar og túlkun

1.1 Alls staðar þar sem þau koma fyrir í samningi þessum, skulu eftirfarin heiti hafa þá merkingu sem tilgreind er hér á eftir:

- a) "Ríkisstjórnin" merkir ríkisstjórn lýðveldisins Íslands ásamt öllum ráðuneytum hennar og stofnunum.
- b) "Stofnandi" merkir Columbia Ventures Corporation, sem er félag stofnað og starfrækt samkvæmt lögum Oregonríkis í Bandaríkjunum Norður-Ameríku.
- c) "Ríkissjóður" merkir ríkissjóð Íslands.
- d) "Landsvirkjun" merkir Landsvirkjun, sem er sjálfstætt fyrirtæki stofnað og starfrækt samkvæmt lögum frá Alþingi nr. 42/1983 með höfuðstöðvar í Reykjavík á Íslandi.
- e) "Sveitarfélögin" merkir Skilmannahrepp og Hvalfjarðarstrandarhrepp.
- f) "Hafnarsjóður" merkir hafnarsjóð Grundartangahafnar, sem er sjálfstæður opinber sjóður stofnaður árið 1975 í sameiginlegri eigu Hvalfjarðarstrandarhrepps, Innri-Akranesshrepps, Leirar- og Melahrepps, Skilmannahrepps, Akranesbæjar og allra annarra hreppa Borgarfjarðarsýslu og Mýrarsýslu en þeirra sem hér að framan er getið, en sveitarstjórnir viðkomandi sveitarfélaga koma fram fyrir þau.
- g) "Heimildarlögin" merkir lög frá Alþingi nr. \_\_\_\_/1997, sem getið er um í formálanum að samningi þessum.
- h) "Fjárfestingarsamningurinn" eða "samningurinn" merkir samning þennan.
- i) "Lóðarsamningurinn" merkir samninginn milli X hf. og ríkissjóðs þar sem kveðið er á um lóð undir bræðsluna.
- j) "Hafnarsamningurinn" merkir samninginn milli hafnarsjóðs Grundartanga, þar sem tryggður er aðgangur hins síðarnefnda að höfninni
- k) "Rafmagnssamningurinn" merkir samninginn milli Landsvirkjunar og X hf. þar sem kveðið er á um afhendingu rafmagns til bræðslunnar og mannvirkja hennar á hafnarsvæðinu.
- l) "Verkefnissamningarnir" merkir þennan samning, hafnarsamninginn, lóðarsamninginn og rafmagnssamninginn.
- m) "Bræðslan" merkir álbræðsluverksmiðjuna og öll mannvirki er tilheyra verksmiðjunni, sem ætlunin er að X hf. byggi, eigi og reki á Grundartanga í Skilmanna- og Hvalfjarðarstrandarhreppi í Borgarfjarðarsýslu á Íslandi í þeirri mynd og með þeim búnaði sem hún er búin hverju sinni með upphaflegri árlegri framleiðslugetu u.þ.b. 60.000 smálestir af áli og hugsanlegum síðari stækkunum.
- n) "Bræðslulóð" merkir landsvæði á Klafastöðum og Vestra Katanesi þar sem bræðslan verður staðsett svo sem frekar er skilgreint á kortinu af bræðslulóðinni.
- o) "Kortið af bræðslulóðinni" merkir kort ásamt skýringum og lóðarmörkum, sem fylgir lóðarsamningnum og sýnir afstöðu bræðslunnar og hafnarinnar ásamt lóðarmörkum bræðslulóðarinnar og hafnarsvæðisins.<sup>1</sup>

<sup>1</sup> Orðunum "which is" virðist ofaukið í lok málsgreinarinnar í enska textanum.

- p) "Höfnin" merkir höfnina og tilheyrandi mannvirki, sem liggja að bræðslunni á Grundartanga og starfrækt eru af hafnarsjóðnum.
- q) "Hafnarsvæðið" merkir höfnina og landsvæðið á Grundartanga þar sem hafnarmannvirkin (svo sem þau eru skilgreind í hafnarsamningnum) verða staðsett svo sem nánar er skilgreint í hafnarsamningnum og merkt er inn með gulu á bræðslulóðarsamningnum.
- r) "Verkefnið" merkir skipulagningu, hönnun, byggingu, útbúnað, töku í notkun, starfrækslu og viðhald bræðslunnar.
- s) "Starfsleyfi" merkri leyfi sem X hf. verður veitt samkvæmt lögum er gilda um umhverfiseffirlit að því er varðar starfrækslu bræðslunnar og hafnarmannvirkjanna og hvers kyns endurnýjun eða framlengingu þess.
- t) "Upphaflegur gildistími" hefur þá merkingu sem fram kemur í 2. mgr. 19 gr.

1.2 Krefjist samhengið ekki annars, gildir eftirfarandi í samningi þessum:

- a) Fyrirsagnir eru einungis til hagræðis og hafa ekki áhrif á túlkun samningsins;
- b) eintala jafngildir fleirtölu og öfugt;
- c) tilvísun til persónu tekur til hlutafélags, sameignarfélags, samsteypu, sameiginlegs fyrirtækis, samtaka, lögpersónu<sup>2</sup> og hvers kyns opinbers yfirvalds eða stofnunar;
- d) tilvísun til málsgreinar eða viðauka er tilvísun til viðkomandi greinar, málsgreinar eða viðauka við samning þennan;
- e) tilvísun til skjals tekur til breytinga eða viðbóta við skjalið, annars skjals er kemur í þess stað þess eða endurnýjunar skjalsins, en tekur ekki til breytinga eða viðbóta við skjalið, annars skjals er kemur í þess stað eða endurnýjunar skjalsins sem á sér stað í andstöðu við samning þennan; og
- f) tilvísun til aðila að skjali tekur einnig til aðila sem við tekur af honum og heimilaðra framsalshafa.

## 2. gr.

### Uppbygging, tilgangur og undanþágur

2.1 Stofnandinn hefur skráð félagið sem hlutafélag á Íslandi samkvæmt íslenskum lögum svo sem frekar er kveðið á um í heimildarlögunum, lögum nr. 2/1995 um hlutafélög og svo sem gert er ráð fyrir í samningi þessum.

2.2 Tilgangur félagsins skal vera að framkvæma verkefnið á Grundartanga til framleiðslu á áli með bræðslu úr súráli eða með endurbræðslu áls og að hafa með höndum slíka framleiðslu og skylda starfsemi.

2.3 Stofnandi félagsins skal vera fullgildur sem stofnandi slíks félags þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 3. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Fjöldi og heimilisfesti stofnenda og fjöldi hluthafa í félaginu skal ekki háður ákvæðum 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 20 gr. nefndra laga. Félagið skal undanþegið ákvæðum 2. mgr. 66. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, þar sem kveðið er á um að meirihluti stjórnarmanna í hlutafélagi skuli búsettur á Íslandi.

2.4 Félagið skal undanþegið ákvæðum 4. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1966 um rétt til að eiga og hagnýta fasteignir, þar sem krafist er að 4/5 hlutafjár hlutafélags séu í eigu íslenskra ríkisborgara og að íslenskir ríkisborgarar fari með meirihluta atkvæða á hluthafafundum og að allir stjórnarmenn séu íslenskir ríkisborgarar.

2.5 Félagið skal undanþegið ákvæðum laga nr. 48/1994 um brunatryggingar eða síðari ákvæðum laga um sameiginlega skyldutryggingu húseigna, enda kaupir félagið brunatryggingar svo sem eðlilegt er og venjulegt í áliðnaðinum vegna hráalsverksmiðja. Ákvæði laga nr. 55/1992 um viðlagatryggingu skulu ekki eiga við um félagið, enda hafi

<sup>2</sup> Ekki ljóst hvemig greina ber á milli "corporation" og "body corporate" á íslensku.

félagið gilda viðlagatryggingu svo sem eðlilegt er og venjulegt í áliðnaðinum eða í tryggingum vegna hráálsverksmiðja.

2.6 Ríkisstjórnin mun tryggja að leyfi verði gefin út til félagsins samkvæmt 2. málsg. 4. gr. samnings þessa og að undanþágur samkvæmt 3.-5. málsg. 2. gr. verði gefnar út í samræmi við viðeigandi lög. Slík leyfi og undanþágur skulu háð stjórnáslu- og lagakröfum er varða fullnægingu á skilmálum þeirra og er heimilt að grípa til afturköllunar eða annarra aðgerða verði brotið gegn skilyrðum þeirra eða þau ekki virt

### 3. gr.

#### Framsal hlutabréfa

3.1 Samþykki ríkisstjórnarinnar er áskilið fyrir framsali hlutabréfa í X hf. þar til framleiðsla er hafin í bræðslunni. Ekki skal synja um slíkt leyfi eða draga það að ástæðulausu og ekki þarf slíkt leyfi þegar um er að ræða a) framsal til dótturfyrirtækis stofnanda, sem skráð er í ríki innan OECD eða b) veðsetningu allra eða einhverra slíkra hlutabréfa í því skyni að tryggja lán sem X hf tekur til að auðvelda því að framkvæma verkefnið eða sölu á slíkum hlutabréfum samkvæmt slíkri veðsetningu til félags eða félaga sem skráð eru í ríki innan OECD.

Framsal minnihlutaeignar, sem ekki er umfram 49%, má hins vegar eiga sér stað til félaga sem skráð eru í ríkjum innan OECD.

3.2 Ef ekki er um annað samið milli aðila, er hluthöfum X hf. heimilt, eftir að framleiðsla er hafin, að framselja, að fullu eða að hluta, hlutabréf í félaginu til annars félags sem er, beint eða óbeint, í eigu félags sem skráð er í ríki innan OECD.

Upplýsa ber ríkisstjórnina með að minnsta kosti fjögurra vikna fyrirvara um slíkt framsal eða útgáfu og skulu ríkisstjórninni látnar í té upplýsingar um stöðu slíks félags studdar ársreikningum síðustu tveggja ára.

3.3 Nú kemur til framsals á hlutabréfum í X hf. og slíkt framsal eða útgáfa er í samræmi við skilmála og ákvæði 1. og 2. mgr. 3 gr. þessa samnings, og skal þá félagið, sem fékk hlutabréfin framseld eða gefin út á sig, verða aðili að þessum samningi á grundvelli útgáfunnar eða framsalsins og skal staðfesta það með því að gefa út og afhenda ríkisstjórninni skriflega yfirlýsingu á því formi sem ríkisstjórnin getur fallist á, þar sem félagið, sem eignaðist hlutabréfin, samþykkir alla skilmála og ákvæði þessa samnings og skuldbindur sig til að hlíta þeim í einu og öllu.

### 4. gr.

#### Starfsemi

4.1 Félagið skal ráðast í verkefnið í samræmi við skilmála og skuldbindingar í rafmagnssamningnum, lóðarsamningnum og hafnarsamningnum með það fyrir augum að hefja framleiðslu árið 1998.

4.2 Samhliða undirritun samnings þessa, skal ríkisstjórnin sjá um að veitt verði og gefið út til félagsins

- a) iðnaðarleyfi er staðfestir rétt félagsins til þess að ráðast í verkefnið
- b) verslunarleyfi er staðfestir rétt félagsins til að stunda þá starfsemi sem lýst er í samningi þessum.

4.3 Reynist nauðsynlegt fyrir félagið að fá frá ríkisstjórninni frekari samþykki eða leyfi, sem ekki er þörf á þann dag sem samningur þessi er undirritaður, skal ríkisstjórnin svo fljótt sem unnt er gera það sem í hennar valdi stendur til að aðstoða félagið við að fá slíkt samþykki eða leyfi.

4.4 Ríkisstjórnin skal á hverjum tíma, þegar félagið fer fram á slíkt, gera það sem í hennar valdi stendur til þess að aðstoða félagið við að fá þau atvinnuleyfi sem nauðsynleg kunna að vera vegna starfsmanna eða verktaka félagsins.

4.5 Félagið skal leitast við að tryggja að starfsemi þess stuðli að þróun vísinda- og tækniþekkingar á Íslandi, þar með, eftir því sem við á og við verður komið, með því að staðsetja og þróa á Íslandi nýsköpunarhæfni sína, enda tengist slík viðleitni og samrýmist rekstri bræðslunnar og öðrum ákvæðum þessa samnings.<sup>3</sup>

## 5. gr.

### Umhverfismál

5.1 Bræðslan skal rekin í samræmi við starfsleyfi, sem gefið er út til félagsins af umhverfisráðherra skv. lögum nr. 81/1988 og reglugerð nr. 48/1994, þar sem fjallað er um öll atriði er varða bræðsluna svo og starfsemi við höfnina er tengjast bræðslunni og varða fermingu og affermingu, umhverfisreglur og eftirlit.

## 6. gr.

### Meginreglur skattlagningar

6.1 Félagið skal greiða skatta og önnur opinber gjöld sem almennt eru lögð á á Íslandi samkvæmt þeim reglum sem gilda um slík gjöld á grundvelli laga hverju sinni, nema um annað sé kveðið í samningi þessum.

## 7. gr.

### Skattar til ríkissjóðs

7.1 Þrátt fyrir síðari breytingar á lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, með áorðnum breytingum, skal félagið greiða 33% tekjuskatt með eftirfarandi sérákvæðum:

- a) Ákvæði 8. tl. 1. mgr. 32. gr. laga nr. 75/1981, þar sem heimilaður er frádráttur 7% af nafnvirði hlutafjár frá skattskyldum tekjum, skulu ekki eiga við.
- b) Þrátt fyrir 7. tl. 1. mgr. 3. gr. og 2. tl. 1. mgr. 71. gr. laga nr. 75/1981 og 2. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatta, skal skattur ekki lagður á eða haldið eftir af arði, sem greiddur er til hluthafa er hafa búsetu í ríki innan OECD, enda uppfylli hluthafinn kröfur i. og ii. tl. b-liðar 2. mgr. 12. gr. milliríkjasamnings Bandaríkja Norður Ameríku og lýðveldisins Íslands nr. 22/1975, sem birtur er í Stjórnartíðindum.
- c) Varanlegir rekstrarfjármunir, er tengjast byggingu bræðslunnar, skulu teljast samanstanda af byggingum og vélum og búnaði í föstum hlutföllum, svo sem frekar er list í viðauka 7.1(c). Varanlegir rekstrarfjármunir, sem félagið eignast með öðrum hætti í því skyni að viðhalda eða bæta bræðsluna, skulu flokkaðir í samræmi við 32. og 38. gr. laga nr. 75/1981. Afskriftir skulu

<sup>3</sup> Enski textinn er hér fremur óljós.

ákvarðaðar með þeim hætti sem kveðið er á um í 5. mgr. 7. gr. samnings þessa.

- d) Félaginu skal heimilt að draga frá skattskyldum tekjum á hverju ári effirstöðvar rekstrartapa frá síðustu átta almanaksárum, svo sem frekar er kveðið á um í 7. tl. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 75/981.
- e) Félaginu skal heimilt að draga frá skattskyldum tekjum á hverju ári og leggja í sérstakan innri fjárfestingarsjóð fjárhæð er nemur 4% af nafnvirði hlutafjár. Fjárhæðum í fjárfestingarsjóðnum, sem notaðar eru til fjárfestingar í afskrifanlegum eignum innan sex ára frá því að þær voru lagðar í sjóðinn, skal bætt við skattskyldar tekjur félagsins á árinu sem fjárfestingin á sér stað. Á sama ári skal félaginu heimilt að flýta afskriftum eignanna um sömu upphæð og notuð var úr fjárfestingarsjóðnum. Fjárhæðum í hinum sérstaka fjárfestingarsjóði, sem ekki hefur verið fjárfest fyrir eða sem ekki hefur verið jafnað á móti rekstrartapi innan fyrrnefndra tímamarka, skal bætt við skattskyldar tekjur og þær skattlagðar með því skattahlutfalli sem gildir þegar þær voru lagðar in sjóðinn.<sup>4</sup> Hið sama skal eiga við ef félagið er leyst upp.

7.2 Félagið skal undanþegið eignarskatti samkvæmt 1. mgr. 84. gr. laga nr. 75/1981 og sérstökkum eignarskatti skv. 1. mgr. 3. gr.<sup>5</sup> laga nr. 83/1989.

7.3 Félagið skal undanþegið Iðnlánasjóðsgjaldi skv. lögum nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð, og iðnaðarmálagjaldi skv. lögum nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald, og markaðsgjaldi skv. lögum nr. 114/1990, um Útflutningsráð Íslands, með áorðnum breytingum, svo og öðrum eins eða efnislega svipuðum sköttum eða gjöldum er kunna að verða lögð á til viðbótar við eða í staðinn fyrir Iðnlánasjóðsgjald, iðnaðarmálagjald og markaðsgjald.

7.4 Ákvæði 1.-3. mgr. 7. gr. hér að framan skulu gilda út upphaflega gildistímamann eða til samningsloka, sem áður kunna að verða, þrátt fyrir síðari breytingar á lögum nr. 75/1981. Ef til þess kemur að lögunum er breytt, skal félaginu heimilt að krefjast endurskoðunar á hinum sérstöku ákvæðum í því skyni að tryggja að félagið beri ekki þyngri skattbyrði en ef það væri skattlagt samkvæmt lögunum. án tillits til hinna sérstöku ákvæða hér að framan.

7.5 Á því ári sem nýjar eignir eru teknar í notkun, getur félagið valið að afskrifa þær eignir með hlutfalli árlegrar afskriftar í stað heils árs áskriftar eins og annars er kveðið á um í 33. gr. laga nr. 75/1981. Þrátt fyrir ákvæði 34. og 45. gr. laga nr. 75/1981 er félaginu heimilt að afskrifa eignir sínar þannig að ekki standi eftir niðurlagsverð.

7.6 Félaginu er heimilt að færa bókhald sitt í Bandaríkjadöllum svo sem lýst er í 12.<sup>6</sup> gr. samnings þessa. Gengið skal vera opinbert gengi Bandaríkjadals gagnvart íslenskri krónu eins og það er birt af Seðlabanka Íslands. Í því skyni að reikna út skattskyldan ágóða félagsins, eins og hann ákvarðast skv. 1. mgr. 7. gr., skulu ársreikningar umreiknaðir úr Bandaríkjadöllum í íslenskrar krónur og tekur þá eftirfarandi gildi:

<sup>4</sup> Ath. hvort ástæða er til að fram komi í enska og íslenska texta hvort átt er við hið almenna skattahlutfall skv. íslenskum lögum eða hið sérstaka skattahlutfall félagsins.

<sup>5</sup> Hér hefur eitthvað skolast til í enska textanum [orðunum "sub-paragraph of" ofaukið?]

<sup>6</sup> Í enska texta stendur "11. gr."



- a) Allar tekjur og gjöld á árinu skulu umreiknuð í íslenskar krónur á grundvelli daggengis eftir því sem við á.
- b) Afskriftir skulu reiknaðar á grundvelli meðalmánaðargengis.
- c) Eignir og skuldir og eigið fé skal umreiknað í íslenskar krónur á gengi 31. desember viðkomandi árs.
- d) Hvers kyns endurmati á einstökum liðum í íslenskum krónum vegna breytinga á gengi bandaríkjadals gagnvart íslenskri krónu, sem afleiðing þess að ársreikningar eru umreiknaðir úr bandaríkjadöllum í íslenskar krónur samkvæmt liðum (a), (b) og (c), skal bætt við eða dregið frá eigin fé og engin áhrif hafa á skattskyldar tekjur.

Þar sem allar færslur eru tengdar Bandaríkjadal skulu verðlagsbreytingar skv. lögum nr. 75/1981 ekki lengur eiga við og félagið skal því við útreikning hreinna skattskyldra tekna skv. lögum nr. 75/1981 undanþegið 36. og 53. gr. laga nr. 75/1981 og öðrum ákvæðum laga sem samrýmast ekki slíkri tilhögun.

#### 8. gr.

#### Faasteignaskattar og gatnagerðagjald

8.1 Félagið skal greiða sveitarfélögunum 0,85% fasteignaskatt, sem sveitarfélögin leggja á allar byggingar, húsnæði og mannvirki sem félagið á eða leigir.

8.2 Álagningarstofn slíkra bygginga, húsnæðis og mannvirkja, svo sem gert er ráð fyrir að þau verði miðað við 60.000 smálesta upphaflega framleiðslugetu þann dag sem starfræksla bræðslunnar hefst, skal, að því er varðar fasteignaskatt, reiknast vera [ ] íslenskar krónur (sem jafngildir [ ] Bandaríkjadöllum), miðað við gengi íslenskrar krónu gagnvart Bandaríkjadal í desember 1996 og tengt byggingavísitölu á Íslandi í desember 1996. Fasteignaskattur skal lagður á og innheimtur fyrir sérhvert ár á grundvelli fyrrgreinds álagningarstofns svo sem hann er framreiknaður samkvæmt byggingarvísitölu desembermánaðar fyrra árs.

8.3 Fasteignaskatturinn skal aðeins lagður á frá 1. janúar eftir gangsetningu bræðslunnar.

8.4 Fasteignaskatturinn, sem félagið greiðir skv. 1.-3. mgr. 8. gr., skal koma í stað fasteignaskatts skv. II. kafla laga nr. 4/1995, með áorðum breytingum, um tekjustofna sveitarfélaga, og sérstaks skatts á fasteignir, sem nýttar eru til skrifstofuhalds eða verslunarreksturs samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða í sömu lögum, og hvers kyns sams konar eða efnislega svipaðra skatta sem kynnu síðar að vera lagðir á [ ] í staðinn fyrir fasteignaskattinn. Fasteignaskatturinn skal lagður á og innheimtur á sama hátt og fasteignaskatturinn skv. II. kafla laga nr. 4/1995, eftir því sem við á í sveitarfélögunum.

8.5 X hf. skal ekki greiða gatnagerðargjöld skv. lögum nr. 17/1996 til sveitarfélaganna vegna<sup>7</sup> upphafsframleiðslugetu, sem er u.þ.b 60.000 smalestir, né heldur nokkurn annan skatt eða gjald sem kynni að vera sett á í stað þeirra.

<sup>7</sup> Ath. hvort ekki fari betur á því í enska textanum að nota "in respect of" fremur en "for". Vantar e.t.v. einnig orðin "framkvæmda vegna" upphafsframleiðslugetu ....

## 9. gr. Byggingarleyfisgjald

9.1 Sveitarfélögin munu veita félaginu byggingarleyfi til byggingar bræðslunnar og tilheyrandi mannvirkja samkvæmt byggingarlögum nr. 54/1978.

9.2 Almennt skipulag bræðslunnar og tilheyrandi mannvirkja skal koma fram í umsókninni um byggingarleyfi og skal það samrýmast byggingarreglugerðum sem við eiga um stór iðnaðarmannvirki.

9.3 Félagið skal greiða byggingarleyfisgjald vegna<sup>8</sup> upphafsframleiðslugetu, sem er u.þ.b. 60.000 smálestir, að jafngildi [ ] Bandaríkjadala, eigi síðar en 30 dögum eftir að umsóknin er lögð inn af félaginu skv. byggingalögum nr. 54/1978.

## 10. gr. Innflutnings- og útflutningsgjöld

10.1 Innflutningur eða innkaup innanlands af hálfu eða fyrir hönd félagsins á byggingarefnum, vélum og búnaði og öðrum fastafjarmunum og varahlutum í verksmiðjuna og á tilheyrandi mannvirkjum og rekstur þeirra skulu undanþegin íslenskum inn- og útflutningsgjöldum og vörugjöldum samkvæmt lögum nr. 97/1987, með áorðnum breytingum, sem og sams konar eða efnislega svipuðum sköttum eða gjöldum er kynnu síðar að verða lögð á til viðbótar við eða í staðinn fyrir ofangreind gjöld. Með samningum, sem gerðir eru innan ramma nefndra laga, er heimilt að veita undanþágu frá eða endurgreiða tolla og vörugjöld á vörum og þjónustu sem keypt er innanlands vegna byggingar bræðslunnar.

10.2 Félaginu verður veittur greiðslufrestur ( )<sup>9</sup> frá virðisaukaskatti skv. lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, á innflutning fram að gjalddaga fyrir endurgreiðslu vegna viðkomandi uppgjörstímabils. Með sama hætti skal veittur greiðslufrestur á virðisaukaskatti vegna kaupa á rafmagni.

10.3 Innflutningur eða innkaup innanlands af hálfu eða fyrir hönd félagsins á hráefni og aðföngum til framleiðslu, sem nauðsynleg eru til reksturs bræðslunnar og hafnarmannvirkjanna (svo sem þau eru skilgreind í hafnarsamningnum), svo og útflutningur framleiðsluvöru og nýttara efna frá félaginu skulu ekki bera vörugjöld eða íslensk inn- eða útflutningsgjöld.

## 11. gr. Aðrir skattar og gjöld

11.1 Stimpilgjöld, sem greiða bæri skv. lögum nr. 36/1978, um stimpilgjöld, skulu vera 0,15% af öllum stimpilgjaldsskyldum skjölum, sem félagið gefur út eða stofnað er til í tengslum við byggingu og rekstur bræðslunnar. Öll skjöl, er lúta að endurfjármögnun, svo og hlutabréf í félaginu skulu undanþegin stimpilgjaldi og hvers kyns sams konar eða efnislega svipuðum sköttum eða gjöldum er kynnu síðar að vera lögð á til viðbótar við eða í staðinn fyrir slík gjöld.

<sup>8</sup> Sjá nmgr. hér að ofan.

<sup>9</sup> Ekki ljóst hvað átt er við með "custom credit"

11.2 Félagið skal, þrátt fyrir 35. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, með áorðnum breytingum, greiða skipulagsgjald sem nemur [30,000] Bandaríkjadöllum fyrir<sup>10</sup> u.þ.b. 60.000 smáesta upphafsframleiðslugetu.

## 12. gr.

### Reikningsskilareglur

12.1 Ársreikningar félagsins, settir fram í Bandaríkjadöllum, skulu gerðir á grundvelli reikningsskilareglna, sem gefnar eru út af Alþjóðlegu endurskoðunarstaðlanefndinni, að því leyti sem þær ganga ekki gegn lögum á Evrópska efnahagssvæðinu sem gilda um félög af sömu stærð og eðli og félagið.

12.2 Félaginu er heimilt að skrá öll viðskipti sín og gefa út ársreikninga sína í Bandaríkjadöllum, svo sem nánar er kveðið á um í þessari 12. grein og 6. mgr. 7. gr. samnings þessa.

12.3 Almenn ákvæði íslenskra tekjuskatts-, virðisaukaskatts- og sveitarfélagaskattslaga, sem í gildi eru hverju sinni, um skattframtöl og skilafrest þeirra, álagningu, yfirferð, endurálagningu, innheimtu, gjalddaga og greiðslu og aðra málsmeðferð er varðar uppgjör tekjuskatts, virðisaukaskatt og skatta til sveitarfélaga svo og um kærur og ágreining, sem kann að rísa vegna þeirra, skulu eiga við um félagið.

## 13. gr.

### Endurskoðun skattafyrirkomulags

13.01 Á upphaflegum gildistíma þessa samnings má félagið velja þann kost að lúta almennum íslenskum skattalögum, sem í gildi eru hverju sinni. Beiðni um slíka breytingu skal lögð fram skriflega eigi síðar en 1. júní þess almanaksárs sem fer á undan því almanaksári sem breytingin á að taka gildi. Fyrsta almanaksárið, sem slík breyting getur átt sér stað, er almanaksárið 2000 eða hvaða almanaksár sem er eftir það. Berist slík beiðni, skulu aðilar þegar ganga til samninga um breytinguna yfir í hið almenna skattakerfi. Aðilar skulu koma sér saman um aðferðir við framkvæmd breytingarinnar yfir í hið almenna skattakerfi. Eftir það skal félagið lúta almennum íslenskum skattalögum það sem eftir er af gildisstíma þessa samnings.

## 14. gr.

### Þjónusta sveitarfélaganna

14.01 Þar sem sveitarfélögin eru að veita félaginu undanþágu frá sköttum og gjöldum skv. 8. og 9. gr. þessa samnings, takast sveitarfélögin ekki á hendur neina þjónustu við félagið nema með gagnkvæmum samningum milli sveitarfélaganna og félagsins.

## 15. gr.

### Staða samninganna að lögum

15.1 Samningur þessi skal birtur í heild sinni í B-deild Stjórnartíðinda á íslensku og ensku til upplýsingar strax eftir undirritun hans af hálfu aðila. Birting samningsins skal þó eigi vera skilyrði fyrir gildistöku hans. Hið sama skal eiga við um hverjar þær breytingar sem aðilar kunna síðar að gera á samningnum í samræmi við ákvæði hans.

15.2 Samhliða undirritun þessa samnings gerir félagið eftirtalda samninga við viðeigandi aðila:

<sup>10</sup> sjá nmgr. nr. 9.

- a) Rafmagnssamninginn
- b) Lóðarsamninginn
- c) Hafnarsamninginn

#### 16. gr.

##### Fyrirheit af hálfu ríkisstjórnarinnar

16.1 Ríkisstjórnin skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að stofnandinn og félagið njóti allra réttinda og hlunninda, sem samningur þessi veitir, og að engin ráðstöfun verði gerð er gæti takmarkað eða á annan hátt haft neikvæð áhrif á framkvæmd verkefnisins og starfsemi félagsins og stofnandans.

16.2 Með undirritun samnings þessa ábyrgist ríkisstjórnin efnidir á skuldbindingum sveitarfélaganna og hafnarsjóðsins samkvæmt hafnarsamningnum. Ríkisstjórnin samþykkir einnig sem forgangsskuldbindingu<sup>11</sup> að greiða X hf., þegar þess er krafist, hverja þá fjárhæð og allar fjárhæðir á hverjum tíma sem hafnarsjóði ber að greiða X hf. í tengslum við eða samkvæmt 5. mgr. 3. gr. hafnarsamningsins.

#### 17. gr.

##### Lög, sem gilda, og deilumál

17.1 Um samning þennan og túlkun hans skal fara samkvæmt íslenskum lögum. Sé ekki kveðið á um annað í samningi þessum skulu íslensk lög og reglugerðir gilda.<sup>12</sup>

17.2 Sérhver deila, krafa eða ágreiningur sem upp kann að rísa vegna eða í sambandi við samning þennan, þ.m.t. hvers kyns spurningar er kunna að rísa varðandi tilvist hans, gildi eða lok (“deila”), skal heyra alfarið undir lögsögu íslenskra dómstóla nema einhver aðili kjósi heldur að leggja deiluna í gerð skv. 3. mgr. 17. gr. hér á eftir og tilkynni hinum aðilunum skriflega um það. Ef einn eða fleiri aðilar höfða mál fyrir dómstólum (“málshöfðandi”) vegna deilu og einhver annar aðili (“gagnaðilinn”) vill fremur leggja deiluna í gerð, skal gagnaðilinn tilkynna málshöfðanda um það skriflega inna 30 daga frá því að honum berst stefna. Strax og honum hefur borist stefna<sup>13</sup> skal málshöfðandi falla frá málshöfðun og skal þá deilan leyst með gerð.

17.3 Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 17. gr. hér að framan, má hver aðili sem er vísa sérhverri deilu til Gerðardómsstofnunar Verslunarráðsins í Stokkhólmi og leysa úr henni samkvæmt reglum þeirrar stofnunar svo sem þær eru í gildi á dagsetningu samnings þessa, en reglur þessar teljast á grundvelli tilvísunar í þær hluti af þessari 3. mgr. 17. gr. nema öðru vísi sé kveðið á í þessari málsgrein. Gerðardómurinn skal skipaður þremur gerðardómsmönnum og skal einn skipaður af málshöfðanda eða málshöfðendum, annar af gagnaðila eða gagnaðilum og hinn þriðji, sem skal vera formaður, skal skipaður sameiginlega af þeim tveimur gerðardómsmönnum sem skipaðir eru af aðilum. Séu málshöfðendur fleiri en einn og/eða gagnaðilar fleiri en einn, skulu málshöfðendur sameiginlega skipa einn gerðardómsmann og/eða gagnaðilar skulu sameiginlega skipa einn gerðardómsmann. Ef málshöfðandi og/eða gagnaðili skipar ekki gerðardómsmann sinn í kröfu sinni og svari (svörum) skal hinn aðili gerðardómsmálsins eiga rétt á að leita til Héraðsdóms Reykjavíkur um að skipa viðkomandi gerðardómsmann. Ef gerðardómsmennirnir tveir, sem skipaðir eru af

<sup>11</sup> Ekki ljóst hvað átt er við með “primary obligation”.

<sup>12</sup> Er síðari málsliðurinn ekki nánast endurtekning á hinum fyrri?

<sup>13</sup> “Summons” getur tæplega verið rétt í enska textanum.

aðilum, geta ekki komið sér saman um þriðja gerðardómsmanninn skal hann skipaður af Héraðsdómi Reykjavíkur ef einhver aðila fer fram á það. Þriðji gerðardómsmaðurinn, hvernig sem hann er skipaður, skal ekki vera af sama þjóðerni og einhver aðili að þessum samningi, né af sama þjóðerni og Columbia Ventures Corporation<sup>14</sup>, né heldur af sama þjóðerni og einhver síðari hluthafi í X hf. nema aðilar samþykki. Gerðardómsmenn skulu fullnægja hæfisskilyrðum 6. gr. laga um samningsbundna gerðardóma nr. 53/1989. Gerðardómsmeðferð skal eiga sér stað í Reykjavík og fara fram á ensku.

17.4 Nú fellur gerðardómsmaður frá, sem upphaflega var skipaður af annað hvort málhöfðanda eða gagnaðila, eða hann verður óstarfhæfur, og skal þá gerðardómsmaður skipaður í hans stað af þeim aðila sem upphaflega skipaði hann. Ef aðilinn, sem upphaflega skipaði hann, skipar ekki gerðardómsmann í hans stað innan eðlilegs tíma skal hinn aðilinn að gerðardómnum eiga rétt á að leita til Héraðsdóms Reykjavíkur um að skipa staðgengil. Nú fellur þriðji gerðardómsmaðurinn frá eða verður óstarfhæfur og skal þá gerðardómsmaður skipaður í hans stað af Héraðsdómi Reykjavíkur ef gerðardómsmennirnir tveir, sem skipaðir voru af aðilum, geta ekki komið sér saman um staðgengil.

17.5 Aðilar skuldbinda sig hér með, að því er varðar gerðardómsmeðferð sem hafin er skv. 3. mgr. 17. gr. þessa samnings, að framkvæma niðurstöðu gerðardómsins án tafar og afsala sér hvers kyns rétti til þess að áfrýja nokkru álitamáli um staðreyndir málsins eða lagaatriði að því marki sem hægt er að afsala sér slíkum rétti svo að gilt sé. Aðilar samþykkja að úrskurðir, sem kveðnir eru upp varðandi gerðardómsmeðferð sem hafin er skv. 3. mgr. 17. gr., séu endanlegir<sup>15</sup> og bindandi fyrir aðila frá þeim degi sem þeir eru kveðnir upp.

17.6 Að því er varðar framkvæmd úrskurðar eða skipunar, sem kveðin er upp samkvæmt gerðardómsmeðferð sem hafin er samkvæmt samningi þessum, afsalar sérhver aðili sér hér með óafturkallanlega, að því marki sem framkvæmanlegt er, að því er varðar hann sjálfan, tekjur hans og eignir (án tillits til notkunar þeirra eða áætlaðrar notkunar), allri friðhelgi á grundvelli fullveldis eða á öðrum svipuðum grundvelli að því er varðar

- i. lögsögu einhvers dómstóls þar sem leitað er fullnustu;
- ii. lausn með lögbanni, skipun um efndir *in natura*, eða endurheimt eigna;
- iii. löghaldi á eignum; og
- iv. framkvæmd eða fullnustu hvers kyns dómas sem hann, tekjur hans eða eignir gætu annars átt rétt á.<sup>16</sup>

í hverju tilviki fyrir sig, með gildi frá þeim tíma sem úrskurður gerðardóms hefur verið kveðinn upp eða fyrirmæli gefin. Sérhver aðili samþykkir óafturkallanlega, að því marki sem hann getur svo framkvæmanlegt sé, að hann muni ekki krefjast slíkrar friðhelgi.

## 18. gr. Óviðráðanleg öfl

<sup>14</sup> Hér hefur eitthvað skolast til. Columbia Ventures er aðili að samningnum.

<sup>15</sup> Í enska samningnum blandast saman eintala og fleirtala (awards ... is).

<sup>16</sup> Enska textinn kann að þurfa lagfæringar við. Ætti ekki að standa "subjected" í enska textanum í stað "entitled"?

18.1 Í samningi þessum eru óviðráðanleg öfl skilgreind þannig að þau taki til ófriðar (hvort sem um stríðsyfirlýsingu er að ræða eða ekki), styrjaldaraðgerða, hersetu, byltinga, uppreisna, borgarastyrjalda, óeirða, uppþota, fjöldauppnáms, múgæsinga, sjóránsaðgerða, skemmdarverka, geislavirkni, farsóttá, sprenginga, edsvoða, jarðskjálfta, eldgosa, storma, flóðbylgja, flóða, mikillar ísingar, þurrka, eldinga, sóttkvía, flutningsbanna, almennrar stöðvunar á flutningum eða siglingum eða hvers kyns ámóta atvika, sem ekki er unnt að koma í veg fyrir eða hafa stjórn á með eðlilegum ráðum af hálfu aðilanna, og í þessu tilliti skulu óviðráðanleg öfl einnig taka til allherjarverkfalla, staðbundinna verkfalla, viðskiptabanna, verkabanna eða ámóta vinnutruflana á Íslandi sem aðili sá, er fyrir slíku verður, hefði ekki getað komið í veg fyrir eða haft stjórn á þótt hann hefði beitt öllum eðlilegum ráðum, sem honum voru tiltæk, en eingöngu um þann tíma, sem aðilanum var ókleift að binda enda á ástandið með öllum raunhæfum ráðum sem honum voru tiltæk.

18.2 Eigi skal misbrestur eða aðgerðarleysi af hálfu aðilanna um að efna nokkra skuldbindingu sína samkvæmt þessum samningi teljast vanefnd á slíkri skuldbindingu, ef og að því leyti, sem slíkur misbrestur eða aðgerðarleysi er af völdum óviðráðanlegra aflu.

18.3 Sá aðili sem bera vill fyrir sig óviðráðanleg öfl samkvæmt þessari grein skal hafa sönnunarbyrði um tilvist slíkra óviðráðanlegra aflu. Misbrestur eða aðgerðarleysi skal, að því er þessa grein varðar, því aðeins teljast vera af völdum óviðráðanlegra aflu að sá aðili, sem hlut á að slíkum misbresti eða aðgerðarleysi, sanni að (a) að misbrestur hans eða aðgerðarleysi sé bein afleiðing af óviðráðanlegum öflum eins og þau eru skilgreind í 1. mgr. 18. gr. hér að framan, og (b) að hann hafi sýnt hæfilega aðgæslu og gripið til allra annarra ráða, sem eðlileg mega teljast, til að forðast slíkan misbrest eða aðgerðarleysi.

18.4 Sérhver aðili skal tafarlaust tilkynna hinum aðilunum um óviðráðanleg öfl, sem valda misbresti eða aðgerðarleysi um að efna eigin skuldbindingar hans samkvæmt samningi þessum. Jafnframt skal sá aðili gera allar raunhæfar ráðstafanir, sem í hans valdi standa, til að hefjast handa um að efna að nýju skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum með sem minnstum mögulegum tögum.

18.5 Gildistími samnings þessa skal framlengjast um tímabil er jafngildir þeim tíma sem aðstæður af völdum óviðráðanlegra aflu vörðu.

#### 19. gr.

##### Samningstími

19.1 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 13<sup>17</sup>. og 14. gr. samnings þessa skulu, frá þeim degi sem rafmagnssamningurinn öðlast gildi, teljast hafa tekið gildi afturvirkkt frá þeim degi sem X. hf. var skráð. Önnur ákvæði þessa samnings skulu taka gildi þann dag sem rafmagnssamningurinn tekur gildi.

19.2 Samningur þessi skal, ef hann tekur gildi, haldast í gildi frá þeim tíma til 31. október 2018 ("upphaflegur gildisstími"), sbr. þó 5. mgr. 18. gr., og skal hann þá falla úr gildi án uppsagnar. Innan 17 ára frá undirritunardegi skulu aðilar þó hafa lokið

<sup>17</sup> Ath. í isl. og enska texta hvort vísa þarf í þessa grein.

viðræðum varðandi framlengingu samnings þessa um eigi minna en tíu (10) ára skeið frá ofangreindum lokadegi hans með skilmálum sem báðir<sup>18</sup> geta felld sig við.

19.3 Verði rafmagnssamningurinn af einhverjum ástæðum felldur úr gildi áður en upphaflegur gildistími hans rennur út, skal X. hf. eiga þess kost hvenær sem er að segja samningi þessum upp með skriflegri tilkynningu til hinna aðilanna um uppsögnina.

#### 20. gr.

##### Gildir textar

20.1 Opinber tungumál samnings þessa skulu vera íslenska og enska og skulu bæði jafngild. Ef ósamræmi eða misræmi reynist milli hins íslenska og enska texta skal tekið mið af því að samningaviðræður fóru fram á ensku.

#### 21. gr.

##### Framsäl

21.1 Réttindi og skuldbindingar samkvæmt samningi þessum skal enginn aðili geta framselt, afsalað eða falið öðrum án samþykkis hinna aðilanna, sbr. þó 2. mgr. 21. gr. Eigi skal synjað um slíkt samþykki eða draga það að ástæðulausu.

21.2 Þrátt fyrir 1. mgr. 21. gr. er félaginu heimilt að framselja réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum, án samþykkis ríkisstjórnarinnar, til fjármálastofnana sem tryggingu fyrir hvers kyns fjármögnun er tengist verkefninu. Gegn því að beinn samningur verði gerður milli ríkisstjórnarinnar og viðkomandi fjármálastofnana, skal ríkisstjórnin, eftir að gengið hefur verið að veðinu, samþykkja framsäl réttinda og skuldbindinga samkvæmt samningi þessum til sérhvers aðila sem eignast hlut félagsins í bræðslunni.

#### 22. gr.

##### Breytingar og endurskoðun

22.1 Samningi þessum má aðeins breyta með viðaukasamningi sem aðilar gera með sér skriflega.

22.2 Við gerð samnings þessa viðurkenna aðilar að ekki sé raunhæft að hyggjast setja fram ákvæði um hvernig bregðast skuli við öllu því sem upp getur komið á gildistíma hans. Lýsa aðilar yfir þeim ásetningi sínum að samningnum verði beitt með sanngirni í skiptum þeirra og án þess að hagsmunir annars hvors þeirra bíði tjón af, þegar tekið er tillit til þess hvernig skipt er því hagræði og þeirri áhættu sem af honum leiðir. Fari þó svo að atburðir verði, þar á meðal að grundvallarbreytingar verði innan áliðnaðarins, sem aðilar höfðu ekki stjórn á, höfðu ekki leitt hugann að og ekki var réttilega unnt að ætlast til að séðir yrðu fyrir, og þeir raski jafnvægi samnings þessa í grundvallaratriðum og valdi þar með ósanngirni hvað snertir skiptingu hagræðis og áhættu milli aðila, munu aðilar eiga með sér viðræður í góðri trú og leita eftir megni samkomulags um breytingu á samningi þessum til að uppræta orsök eða orsakir slíkrar ósanngirni. Fari svo að aðilar verði ekki ásáttir um að ósanngirni sé til að dreifa, eða um orsakir hennar eða afleiðingar, getur hvor þeirra um sig lagt þá deilu í gerð eins og kveðið er á um í 3. mgr. 17. gr samnings þessa. Aðilar skulu í góðri trú leitast við að ná samkomulagi í ljósi niðurstöðu gerðardómsins. Geti þeir ekki komið sér saman um slíka breytingu getur hvor um sig vísað deiluni í gerð eins og kveðið er á um í 3. mgr. 17. gr. samnings þessa.

<sup>18</sup> Ath. í isl. og enska texta að aðilar eru þeir.

22.3 Þrátt fyrir framangreint, getur hvorugur<sup>19</sup> aðili borið fyrir sig ákvæði 2. mgr. 22. gr. fyrir 1. júní 2008, né heldur oftár en einu (1) sinni á samningstímanum. Breytingar á samningi þessum, sem gerðardómur skv. 3. mgr. 17. gr. mælir fyrir um, skulu ekki taka mið af efnahagslegum áhrifum á þann aðila sem í hlut á fyrir 1. júní 2008.

22.4 Aðilar hafa samið um og samþykkt ákvæði þessarar 22. greinar í fullri vitneskju beggja<sup>20</sup> um ákvæði 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningagerð, umboð og ógilda löggæringa, með áorðnum breytingum skv. lögum nr. 11/1986 og lögum nr 14/1995. Ákvæði þessarar greinar skulu koma í stað ákvæða 36. gr. nefndra laga.

### 23. gr. Tilkynningar

23.1 Hvers kyns tilkynningar, sem áskildar eru eða heimilaðar samkvæmt samningi þessum, skulu sendar bréfléiðis eða með bréfsíma og staðfestar skriflega og teljast gildar og fullnægjandi ef þær eru sendar með ábyrgðarflugpósti að greiddu burðargjaldi eða með bréfsíma og staðfestar í ábyrgðarflugpósti með eftirfarandi utanáskrift:

Til ríkisstjórnarinnar:  
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti  
Arnarhvoli  
IS 150 Reykjavík  
Iceland

Bréfsími: 354-562-1289

Til félagsins:  
X hf.  
[ ]  
með afriti til:  
Columbia Ventures Corporation  
1220 Main Street, Suite 200  
Vancouver  
Washington 98660  
United States of America

Bréfsími: 1 360 693 1735

Til Columbia:  
Columbia Ventures Corporation  
1220 Main Street, Suite 200  
Vancouver  
Washington 98660  
United States of America

Bréfsími: 1 360 693 1735

<sup>19</sup> Ath. í enska texta: Aðilar eru þrír.

<sup>20</sup> Ath. í enska texta: Aðilar eru þrír



eða með annarri utanáskrift, sem viðkomandi aðili kann að tilkynna hinum aðilunum um með þeim hætti sem kveðið er á um hér að framan.

23.2 Þeir aðilar sem rétt eiga að fá tilkynningar, sem áskildar eru eða heimilaðar samkvæmt samningi þessum, geta afsalað sér þeim rétti annað hvort fyrir eða eftir þann dag sem áskilið er eða heimilað að senda tilkynninguna.

23.3 Tilkynningar samkvæmt þessum samningi skulu teljast hafa verið sendar þegar tíu (10) dagar eru liðnir frá póstlagningu eða tveir dagar frá sendingu með bréfsíma, enda hafi í tilvikum þegar um símbréf er að ræða í raun borist staðfesting á tilkynningunni með ábyrgðarbréfi.

#### 24. gr.

##### Ýmis ákvæði

24.1 Samningur þessi skal undirritaður og afhentur í þremur eintökum. Sérhvert eintak telst frumrit og jafngilt hinum eintökunum.

24.2 Hvor aðili skal afhenda hinum aðilanum<sup>21</sup> lögfræðilegar álitserðir á því formi sem aðilar komast að samkomulagi um.

24.3 Ríkisstjórnin skal tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um skilmála og skilyrði þátttöku sinnar (þ.m.t. þátttöku ríkissjóðs og hafnarsjóðs) í verkefnum á grundvelli verkefnasamninganna. Samhliða undirritun samnings þessa skal ríkisstjórnin afhenda félaginu og Columbia staðfestingu á slíkrri tilkynningu og síðan tafarlaust upplýsa hina aðilana um niðurstöðu Eftirlitsstofnunar EFTA varðandi tilkynninguna.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hefur samningur þessi verið undirritaður fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, Columbia og félagsins þann dag er í upphafi greinir, í þremur eintökum.

Fyrir hönd Ríkisstjórnar Íslands

\_\_\_\_\_  
Iðnaðarráðherra

Fyrir hönd X hf.

\_\_\_\_\_  
Stjórnarformaður

Fyrir hönd COLUMBIA

\_\_\_\_\_  
Forstjóri

Vilanderi 7C  
72

<sup>21</sup> Ath. í enska texta: Samningsaðilar eru þrír



	Óbreytt skattalög	Tillaga 33%	Hlutföll	Hlutföll	Skýringar
Heildareign	170,000	170,000			
Eigið fé	40,000	40,000			
Hlutfé	40,000	40,000			
Hlutfé: CVC ltd	36,000	36,000			
NL ltd	4,000	4,000			
Skuldir	130,000	130,000			
Heildartekjur	115,000	115,000			
Rekstrark. án fjármagnsgj.	88,000	88,000			
Rekstrarhagnaður f. fjárm.gj	27,000	27,000	15,88%	15,88%	af heildareign
Vextir og annar fjárm.k.	10,00%	10,00%			
Fjármagnskostnaður	13,000	13,000			
Hagnaður fyrir skatt	14,000	14,000	35,00%	35,00%	af nafnverði hlutfjár
Skattar á Norðurál	4,000	4,092			
Hagnaður eftir skatt	10,000	9,908			
	0,000				
Uppsafnaður arður	7,200	7,108			
Arður	2,800	2,800	7,00%	7,00%	af nafnverði hlutfjár
Arður : CVC ltd	2,520	2,520			
NL ltd	0,280	0,280			
Skattar á veltu	0,304	0,000	2,17%	0,00%	af hagnaði fyrir skatt
Eignarskattur	0,000	0,000			
Skattskyldar tekjur	11,200	12,400			
Tekjuskattur Norðuráls	3,696	4,092	26,40%	29,23%	af hagnaði fyrir skatt
Arður til CVC ltd	2,520	2,520			
Staðgreiðslusk á arð	0,126	0,000	0,90%	0,00%	af hagnaði fyrir skatt
Skattur á arð CVC í USA	0,832	0,601	5,94%	4,29%	af hagnaði fyrir skatt
Arður til NL ltd	0,280	0,280			
Staðgreiðslusk á arð	0,042	0,000	0,30%	0,00%	af hagnaði fyrir skatt
Skattur á arð NL ltd í NL	0,000	0,000	0,00%	0,00%	
Skattar alls	4,999	4,693	35,71%	33,52%	af hagnaði fyrir skatt
Skattar greiddir til Íslands	4,168	4,092	29,77%	29,23%	af hagnaði fyrir skatt
Skattar greiddir til USA	0,832	0,601	5,94%	4,29%	af hagnaði fyrir skatt
Skattar greiddir til Hollands	0,000	0,000	0,00%	0,00%	af hagnaði fyrir skatt



LÓÐARSAMNINGUR  
MILLI  
RÍKISSJÓÐS ÍSLANDS  
OG  
NORÐURÁLS HF

Lóðarsamningur  
milli ríkissjóðs Íslands

og

Norðuráls hf.

SAMNINGUR gerður hinn 20. dag marsmánaðar 1997

milli

RÍKISSJÓÐS ÍSLANDS (hér eftir nefndur "ríkissjóður")

og

Norðuráls hf (hér á eftir nefnt "Norðurál hf."), sem er íslenskt hlutafélag með höfuðstöðvar sínar að Grundartanga í Skilmannahreppi og Hvalfjarðarstrandarhreppi á Íslandi.

MEÐ ÞVÍ AÐ Norðurál hf. hefur verið stofnað hinn 28. febrúar, 1997, fyrir Columbia Ventures Corporation í þeim tilgangi að reisa og starfrækja álbræðslu á Grundartanga í Skilmannahreppi og Hvalfjarðarstrandarhreppi í Borgarfjarðarsýslu á Íslandi til að framleiða ál úr hrááli og annast slíka framleiðslu og skyldan rekstur;

MEÐ ÞVÍ AÐ ríkissjóður hefur keypt landsvæði að Grundartanga í Hvalfirði úr löndum jarðanna Klafastaða og Kataness (Vestra-Kataness) í Skilmannahreppi og Hvalfjarðarstrandarhreppi;

MEÐ ÞVÍ AÐ Norðurál hf. hefur hug á að leigja hluta af framangreindu landsvæði undir bræðsluna (svo sem hún er skilgreind hér á eftir);

GERA ÞVÍ ríkissjóður og Norðurál hf. (hér eftir hvor um sig nefndur "aðili" en sameiginlega nefndir "aðilar") með sér eftirfarandi samning:

1. grein

Skilgreiningar

1.1 Alls staðar þar sem þau koma fyrir í samningi þessum, skulu eftirtalin heiti hafa þá merkingu sem tilgreind er hér á eftir:

- a) "Ríkisstjórnin" merkir ríkisstjórn lýðveldisins Íslands ásamt öllum ráðuneytum hennar og stofnunum.
- b) "Sveitarfélögin" merkir Hvalfjarðarstrandarhrepp og Skilmannahrepp.
- c) "Landsvirkjun" merkir Landsvirkjun, sem er sjálfstætt fyrirtæki stofnað og starfrækt samkvæmt lögum nr. 42/1983.
- d) "Hafnarsjóður" merkir hafnarsjóð Grundartangahafnar, sem er sjálfstæður opinber sjóður stofnaður árið 1975 í sameiginlegri eigu Hvalfjarðarstrandarhrepss, Innri-Akranesshrepss, Leirár- og Melahrepps, Skilmannahrepss, Akranesbæjar og allra

annarra hreppa Borgarfjarðarsýslu og Mýrarsýslu en þeirra sem hér að framan er getið, en héraðsnefndir viðkomandi sveitarfélaga koma fram fyrir þau.

- e) "Heimildarlögin" merkir fyrirhugað lög frá Alþingi um álbræðslu að Grundartanga.
- f) "Fjárfestingarsamningurinn" merkir fyrirhugaðan samning milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og Columbia Ventures Corporation og Norðuráls hf. hins vegar.
- g) "Rafmagnssamningurinn" merkir fyrirhugaðan samning milli Landsvirkjunar og Norðuráls hf. þar sem kveðið er á um afhendingu rafmagns til bræðslunnar og mannvirkja hennar á hafnarsvæðinu.
- h) "Hafnarsamningurinn" merkir samninginn sem svo er nefndur og sem gerður verður milli Hafnarsjóðs og Norðuráls hf. þar sem tryggður er aðgangur hins síðarnefnda að höfninni
- i) "Verkefnissamningarnir" merkir þennan samning, fjárfestingarsamninginn, rafmagnssamninginn og hafnarsamninginn.
- j) "Verkefnið" merkir skipulagningu, hönnun, byggingu, útbúnað, töku í notkun, starfrækslu og viðhald bræðslunnar.
- k) "Bræðslan" merkir álbræðsluverksmiðjuna og öll mannvirki er tilheyra verksmiðjunni, sem ætlunin er að Norðurál hf. byggji, eigi og reki á Grundartanga í Skilmannahreppi og Hvalfjarðarstrandarhreppi í Borgarfjarðarsýslu á Íslandi í þeirri mynd og með þeim búnaði sem hún er búin hverju sinni.
- l) "Bræðslulóðin" merkir landsvæði í landi Klafastaða og Kataness (Vestra-Kataness) þar sem bræðslan verður staðsett, svo sem nánar er skilgreint í 1. málsg. 2. gr. samnings þessa og merkt er með rauðu inn á bræðslulóðarkortið, er fylgir í Viðauka A við samning þennan, ásamt lóðarundirbúningi, sem er í eigu og fjármagnaður af ríkissjóði, svo sem nánar er skilgreint í Viðauka C við samning þennan.
- m) "Kortið af bræðslulóðinni" merkir kort ásamt skýringum og lóðarmörkum, sem fylgir samningi þessum í Viðauka A, og sýnir staðsetningu bræðslunnar og hafnarinnar ásamt lóðarmörkum bræðslulóðarinnar og hafnarsvæðisins.
- n) "Höfnin" merkir höfnina og tilheyrandi mannvirki, sem liggja að bræðslunni á Grundartanga og starfrækt eru af hafnarsjóðnum.
- o) "Hafnarsvæðið" merkir höfnina og landsvæðið á Grundartanga þar sem hafnarmannvirkin (svo sem þau eru skilgreind í hafnarsamningnum) verða staðsett svo sem nánar er skilgreint í hafnarsamningnum og merkt er inn með gulu á bræðslulóðarsamningnum.
- p) "Starfsleyfi" merkri leyfi sem Norðurál hf. verður veitt samkvæmt lögum er gilda um umhverfiseftirlit að því er varðar starfrækslu bræðslunnar og hafnarbúnaðar Norðuráls hf. og hvers kyns endurnýjun eða framlengingu þess.
- q) "Bankinn" merkir þá fjármálastofnun sem kemur fram fyrir hönd þeirra lánveitenda sem fjármagna verkefnið.

1.2 Krefjist samhengið ekki annars, gildir eftirfarandi í samningi þessum:

- a) Fyrirsagnir eru einungis til hagræðis og hafa ekki áhrif á túlkun samningsins;
- b) eintala jafngildir fleirtölu og ófugt;
- c) tilvísun til persónu tekur til fyrirtækis, sameignarfélags, sjóðs, sameiginlegs fyrirtækis, samtaka, félags, eða annarar lögpersónu og hvers kyns opinbers yfirvalds eða stofnunar;
- d) tilvísun til greinar, málsgreinar eða viðauka er tilvísun til viðkomandi greinar, málsgreinar eða viðauka við samning þennan;

- e) tilvísun til skjals tekur til breytinga eða viðbóta við skjalið, annars skjals er kemur í þess stað eða endurnýjunar skjalsins, en tekur ekki til breytinga eða viðbóta við skjalið, annars skjals er kemur í þess stað eða endurnýjunar skjalsins sem á sér stað í andstöðu við samning þennan; og
- f) tilvísun til aðila að skjali tekur einnig til aðila sem við tekur af honum og heimilaðra framsalshafa.

## 2. grein

### Leiga bræðslulóðarinnar

2.1 Ríkissjóður leigir Norðuráli hf. hér með landspildu ásamt öllum jarðarbótum á henni skv. 3. málsg. 2. gr., sem merkt er með með rauðu inn á kortið af bræðslulóðinni, og sem staðsett er í landi Klafastaða og Kataness (Vestra-Kataness) á Grundatanga, og nemur 82,2 hektörum eða 822.000 fermetrum lands, en á þeirri landspildu verður bræðslan byggð.

2.2 Bræðslulóðin er leigð frá landi Klafastaða og Kataness (Vestur-Kataness), sem ríkissjóður hefur eignast. Ríkissjóður lýsir hér með yfir og ábyrgist að hann er einn eigandi bræðslulóðarinnar og að hið leigða land er hæft til þeirra nota sem lýst er í 7. málsg. 2. gr. að frátöldum leyndum göllum af náttúrulegum völdum, sem ríkissjóði er eigi kunnugt um, og að á landinu hvíli engar takmarkanir eða réttindi af neinu tagi. Viðeigandi afsöl, sem þinglýst hefur verið lögum samkvæmt í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, fylgja samningi þessum í Viðauka B.

2.3 Bræðslulóðin verður afhent Norðuráli hf. án nokkurra veðbanda, ítaka, kvaða eða annarra takmarkana og í því ástandi sem hún var í þegar hún var seld ríkissjóði. Norðurál hf. skal taka að sér allan nauðsynlegan undirbúning lóðarinnar, sem verður í eigu, fjármagnaður og látinn í té af ríkissjóði, svo sem frekar er lýst í áætluninni um lóðarframkvæmdir, sem fylgir samningi þessum í Viðauka C.

2.4 Til að standa straum af kostnaði við undirbúning lóðarinnar, skal ríkissjóður greiða Norðuráli hf. þá upphæð, þó aldrei umfram USD 7.000.000 -sjö milljónir- sem tilgreind er í Viðauka C við samning þennan, með fjórum jöfnum greiðslum, hinni fyrstu tveimur mánuðum eftir að undirbúningur lóðarinnar (jarðvegsins) er hafinn, annarri þegar 50% vinnunnar er lokið, ~~skv. Viðauka C~~, hinni þriðju þegar verkinu er lokið og hinni fjórðu einum mánuði eftir að verkinu er að fullu lokið, ~~skv. Viðauka C~~. Þrátt fyrir framangreinda greiðsluáætlun, skal engin greiðsla innt af hendi fyrir en rafmagnssamningurinn milli Landsvirkjunar og Norðuráls hf. tekur gildi. Staða framangreinds verks skal staðfest með viðeigandi vottorði sem Norðurál hf. lætur í té ásamt skjölum til stuðnings eftir því sem við á. Við móttöku slíks vottorðs skal ríkissjóður inna af hendi viðeigandi greiðslu til Norðuráls hf.

2.5 Í því skyni að fjármagna kostnað ríkissjóðs af undirbúningi lóðarinnar, mun ríkissjóður taka þrjú lán í bandaríkjadöllum, eða lán í öðrum gjaldmiðli sem Norðurál hf. samþykkir, til næstu 23 ára. Fyrsta lánið verður til 10 ára frá 1. júlí 1997, annað lánið frá árinu 2007 til næstu 10 ára og hið þriðja frá árinu 2017 til þeirra þriggja ára sem eftir eru. Norðurál hf. skal greiða ríkissjóði upphæð sem nemur kostnaði við undirbúning lóðarinnar, sbr. 4. málsg. 2. gr., ásamt vöxtum og kostnaði, með eftirfarandi skilmálum:



- a) Höfuðstóll og vextir skv. (b) hér að neðan skulu greiddir með jöfnum ársfjórðungslegum greiðslum á tuttugu ára tímabili, sem hefst 1. júlí, 2000.
- b) Vextir skulu vera þeir sömu og vextirnir af láni því sem ríkissjóður tekur til þess að fjármagna verkefnið að viðbættu 0,35% gjaldi til að mæta kostnaði af umsýslu og ríkisábyrgð.

Greiðslum Norðurál hf. er frekar lýst og þær áætlaðar í leigu- og greiðsluáætlun sem fylgir í Viðauka D við samning þennan.

Ef skilmálar lána, sem ríkissjóður tekur til þess að mæta kostnaði af undirbúningi lóðarinnar, eru ekki eins og áætlað er í Viðauka D við samning þennan þegar lóðarundirbúningi og byggingarvinnu er að fullu lokið og áður en síðasta greiðsla ríkissjóðs samkvæmt greiðsluáætlun hér að framan kemur til greiðslu, samþykkja aðilar að fara yfir og endurskoða leigu- og greiðsluáætlunina í samræmi við sömu grundvallarreglur og settar eru fram hér að framan og sýndar eru í Viðauka D. Einum mánuði áður en ríkissjóður undirritar lánið árið 2007 og 2017 til að mæta þeim kostnaði sem eftir stendur vegna lóðarundirbúningsins, skal ríkissjóður upplýsa Norðurál hf. skriflega um skilmála lánsins, sem ríkissjóður hyggst taka. Norðurál hf. skal hvenær sem er eiga rétt á að greiða ríkissjóði allar þær fjárhæðir sem Norðurál hf. hefur fengið frá ríkissjóði samkvæmt 4. málsg. 2 gr., bæði höfuðstól og einnig áfallna vexti.

2.6 Norðurál hf. skal, að teknu tilliti til eðlilegra laga- og stjórnsýslufyrirmæla, eiga rétt á því að fjarlægja hvenær sem er og á eigin kostnað einhverjar eða allar byggingar og mannvirki á leigulandinu án nokkurrar ábyrgðar af nokkru tagi af hálfu Norðurál hf. gagnvart ríkissjóði eftir því sem samrýmist starfsleyfinu.

2.7 Norðurál hf. mun taka við bræðslulóðinni þann dag sem samningur þessi er undirritaður og skal hafa full og óskoruð yfirráð og afnot af henni meðan samningur þessi er í gildi. Heimilt er að nota bræðslulóðina til byggingar og starfrækslu bræðslunnar, innviða hennar og annarra tilheyrandi mannvirkja eftir því sem Norðurál hf. telur nauðsynlegt, þar með talið en án takmörkunar við fjarlægingu jarðvegs og grjóts, urðun úrgangs í samræmi við starfsleyfið og hvers kyns samhljóða eða efnislega svipaðs leyfis sem kann að vera veitt til viðbótar við eða í staðinn fyrir starfsleyfið. Norðurál hf. skal á gildistíma samnings þessa hafa fullan eignarrétt yfir viðbótum sínum við leigulóðina, öðrum en undirbúningi lóðarinnar eins og honum er lýst í Viðauka C, þar með talið byggingum og mannvirkjum, sem ekki skulu verða hluti eignarinnar. Norðurál hf. skal á hverjum tíma eiga rétt á að fjarlægja einhverjar eða allar slíkar viðbætur án þess að greiða bætur til ríkissjóðs.

2.8 Norðurál hf. ber ábyrgð á því, á eigin kostnað, að halda leigulóðinni og öllum viðbótum við hana, svo sem þeim er lýst í Viðauka C við samning þennan, í góðu ástandi og í samræmi við starfsleyfið og hvers kyns samhljóða eða efnislega svipað leyfi sem kann að vera veitt til viðbótar við eða í staðinn fyrir starfsleyfið svo og í samræmi við gildandi lög og reglugerðir á gildistíma leigusamningsins.

2.9 Norðurál hf. skal eiga rétt á því að auka starfsemi sína á leigulóðinni að fengnum nauðsynlegum leyfum er varða slíka aukningu.

2.10 Til viðbótar við greiðslur samkvæmt 5. málsg. 2. gr. skal Norðurál hf. greiða ríkissjóði árlegt leigugjald fyrir leiguna á bræðslulóðinni ("leigan"), að upphæð 15.000

bandaríkjadalir. Án tillits til afhendingardags skal leigan ekki byrja að reiknast fyrr en frá 1. júlí 1997. Árleg leiga til ríkissjóðs skal greidd 2. janúar svo sem nánar er kveðið á um í Viðauka D við samning þennan. Gjaldlagi fyrstu greiðslu leigunnar, er tekur til tímabilsins frá 1. júlí 1997 til og með 30. júní 1998, skal vera 2. janúar 1998.

2.11 Norðurál hf. skal eiga forkaupsrétt á bræðslulóðinni ef ríkissjóður hyggst selja bræðslulóðina, sbr. þó 3. málsg. 8. gr. samnings þessa.

2.12 Norðurál hf. skal eiga rétt á að leggja pípur, kapla og flutningslínur undir og yfir hafnarsvæðið og höfnina eftir því sem þörf krefur vegna starfrækslu bræðslunnar, enda samþykki hafnarsjóður gerð og staðsetningu slíkra lagna. Norðurál hf. skal eiga rétt á því, með samþykki hafnarsjóðs, að afla vatns frá sjó og leiða slíkt vatn til bræðslulóðarinnar yfir höfnina eða hafnarsvæðið. Rétturinn, sem veittur er Norðurali hf. samkvæmt þessari grein, skal vera endurgjaldslaus, en allar aðgerðir, sem ráðist er í vegna þeirra, skulu vera á kostnað Norðural. hf. Öllum slíkum aðgerðum skal hagað þannig að þau raski ekki eðlilegri starfsemi umhverfis höfnina eftir því sem hægt er.

2.13 Ríkissjóður skal ábyrgjast skaðleysi Norðural. hf. gagnvart hvers kyns málssóknum, tjóni, skaðabótum, kröfum, viðurlögum eða annarri ábyrgð af hvaða tagi sem er, sem Norðurál hf. kann að verða fyrir eða kalla yfir sig og sem verður vegna bræðslulóðarinnar, hvort sem til slíks hefur stofnast fyrir undirritun samnings þessa eða síðar vegna hvers kyns aðgerða eða aðgerðarleysis fyrir þann tíma er hefur áhrif með einhverjum hætti á bræðslulóðina.

2.14 Norðurál hf. skal ábyrgjast skaðleysi ríkissjóðs gagnvart hvers kyns málssóknum, tjóni, skaðabótum, kröfum, viðurlögum eða annarri ábyrgð af hvaða tagi sem er, sem ríkissjóður kann að verða fyrir eða kalla yfir sig og sem verður vegna vanrækslu Norðural. hf. að viðhalda bræðslulóðinni í samræmi við starfsleyfið og hvers kyns efnislega svipaðs leyfis sem kann að vera veitt til viðbótar við eða í staðinn fyrir starfsleyfið.

2.15 Ríkisstjórnin skal láta Norðurali hf. í té eða sjá til þess að Norðurali hf. verði látin í té

- a) öll réttindi, leigusamningar eða önnur eignarréttindi sem nauðsynleg eru til þess að leyfa flutning hráefnis frá höfninni til bræðslulóðarinnar;
- b) fullnægjandi aðgangur að bræðslulóðinni frá næsta almenna vegi eða þjóðvegi, þ.m.t. lagningu nýs vegar þegar þörf krefur; og
- c) öll réttindi, leigusamningar eða önnur eignarréttindi yfir hafnarsvæðið til bræðslulóðarinnar sem nauðsynleg eru til þess að leyfa útvegum allrar þjónustu, þ.m.t., en án takmörkunar, rafmagn, vatn og gas sem Norðurali hf. er nauðsynlegt til þess að framkvæma verkefnið.

### 3. grein

#### Rekstri hætt

3.1 Ef samningi þessum er af einhverjum ástæðum rift af Norðurali hf., skal það greiða ríkissjóði, til fullrar og endanlegrar fullnustu á skuldbindingum sínum og ábyrgðum samkvæmt samningi þessum, allar fjárhæðir sem Norðurál hf. hefur fengið greiddar hjá ríkissjóði samkvæmt 4. málsg. 2. gr., höfuðstól sem og áfallna vexti, sem

ekki eru greiddar þann dag sem riftunin á sér stað. Sú fjárhæð skal greidd innan 30 daga frá því að samningnum var rift.

3.2 Í því tilviki að rekstri bræðslunnar sé endanlega hætt, skulu engar kröfur gerðar um lagfæringu bræðslunnar eða bræðslulóðarinnar, enda tryggi Norðurál hf. eða viðtakandi þess að allur hættulegur úrgangur á yfirborðinu verði fjarlægður frá bræðslunni og bræðslulóðinni. Norðurál hf. skal hins vegar ekki skylt að fjarlægja urðaðan úrgang eða tæma þrær innan bræðslulóðarinnar að því marki sem farið hefur verið með slíkan úrgang í samræmi við starfsleyfið og hvers kyns samhljóða eða efnislega svipaðs leyfis sem kann að vera veitt til viðbótar við eða í staðinn fyrir starfsleyfið. Norðurál hf. skal innan eðlilegs tíma fjarlægja bræðsluna og tilheyrandi mannvirki, en að öðrum kosti fellur eignarréttur á bræðslunni, viðbótum við bræðslulóðina og öllum öðrum mannvirkjum bræðslunnar til ríkissjóðs.

3.3 Ríkissjóður má rifta samningi þessum með skriflegri tilkynningu til Norðuráls hf með minnst 90 daga fyrirvara ef einhver greiðsla samkvæmt samningi þessum er ógreidd 90 dögum eftir gjalddaga hennar. Ef viðkomandi greiðsla er enn ógreidd eftir að þeir 90 dagar eru liðnir, skal samningur þessi falla úr gildi þann dag sem tilgreindur er í tilkynningunni og Norðurál hf. skal greiða ríkissjóði til fullrar og endanlegrar fullnustu á skuldbindingum sínum og ábyrgðum samkvæmt samningi þessum, allar fjárhæðir sem Norðurál hf. hefur fengið greiddar hjá ríkissjóði samkvæmt 4. málsg. 2. gr., höfuðstól, kostnað sem og áfallna vexti, sem ekki eru greiddar þann dag sem riftunin á sér stað. Slík fjárhæð skal greidd innan 30 daga frá því að samningnum var sagt upp.

3.4 Um leið og ríkissjóður sendir tilkynningu, sem getið er um í 3. málsg. 3. gr., til Norðuráls hf., skal hann einnig senda afrit af slíkri tilkynningu til bankans fyrir hönd veitenda hverra þeirra lána sem getið er um í 2. málsg. 8. gr. Slikur lánveitandi skal þá hafa 60 daga til þess að gera hvers kyns greiðslu að efni slíkrar tilkynningar til ríkissjóðs fyrir hönd Norðuráls hf. og fellur þá niður réttur ríkissjóðs til þess að rifta samningi þessum vegna vanefnda á greiðslu. Greiðsla slíkrar upphæðar af hálfu slíks lánveitanda skal ekki leysa Norðurál hf. undan neinum af skyldum sínum samkvæmt samningi þessum og lánveitandinn skal ekki með slíkri greiðslu taka á sig neina skuldbindingu samkvæmt samningi þessum.

#### 4. grein

##### Lög sem gilda og deilumál

4.1 Um samning þennan og túlkun hans skal fara samkvæmt íslenskum lögum. Sé ekki kveðið á um annað í samningi þessum skulu íslensk lög og reglugerðir gilda.

4.2 Sérhver deila, krafa eða ágreiningur, sem upp kann að rísa vegna eða í sambandi við samning þennan, þ.m.t. hvers kyns spurningar er kunna að rísa varðandi tilvist hans, gildi eða lok ("deila"), skal heyra alfarið undir lögsögu íslenskra dómstóla nema annar aðilinn kjósi heldur að leggja deiluna í gerð skv. 3. mgr. 4. gr. hér á eftir og tilkynni hinum aðilanum skriflega um það. Ef aðili höfðar mál fyrir dómstólum ("málshöfðandi") vegna deilu og hinn aðilinn ("gagnaðilinn") vill fremur leggja deiluna í gerð, skal gagnaðilinn tilkynna málshöfðanda um það skriflega innan 30 daga frá því að honum berst stefna. Strax

og honum hefur borist slík skrifleg tilkynning skal málshöfðandi falla frá málshöfðun og skal þá deilan leyst með gerð.

4.3 Þrátt fyrir ákvæði 2. málsg. 4. gr. hér að framan, má hvor aðili sem er vísa sérhverri deilu til Gerðardómsstofnunar Verslunarráðsins í Stokkhólmi til úrlausnar samkvæmt reglum þeirrar stofnunar svo sem þær eru í gildi á dagsetningu samnings þessa, en reglur þessar teljast á grundvelli tilvísunar í þær hluti af 3. málsg. þessarar 4. greinar nema öðru vísi sé kveðið á í 3. málsg. þessarar 4. greinar. Gerðardómurinn skal skipaður þremur gerðardómsmönnum og skal einn skipaður af málshöfðanda, annar af gagnaðila og hinn þriðji, sem skal vera formaður, skal skipaður sameiginlega af þeim tveimur gerðardómsmönnum sem skipaðir eru af aðilum. Ef málshöfðandi og/eða gagnaðili skipar ekki gerðardómsmann sinn í kröfu sinni og/eða svari, skal hinn aðili gerðardómsmálsins eiga rétt á að leita til Héraðsdóms Reykjavíkur um að skipa viðkomandi gerðardómsmann. Ef gerðardómsmennirnir tveir, sem skipaðir eru af aðilum, geta ekki komið sér saman um þriðja gerðardómsmanninn skal hann skipaður af Héraðsdómi Reykjavíkur ef annar hvor aðila fer fram á það. Þriðji gerðardómsmaðurinn, hvernig sem hann er skipaður, skal ekki vera af sama þjóðerni og aðilar að þessum samningi, né af sama þjóðerni og Columbia Ventures Corporation, né heldur af sama þjóðerni og einhver síðari hluthafi í Norðuráli hf. nema aðilar samþykki að svo skuli vera. Gerðardómsmienn skulu fullnægja hæfisskilyrðum 6. gr. laga um samningsbundna gerðardóma nr. 53/1989. Gerðardómsmeðferð skal eiga sér stað í Reykjavík og fara fram á ensku.

4.4 Nú fellur gerðardómsmaður frá, sem upphaflega var skipaður af annað hvort málshöfðanda eða gagnaðila, eða hann verður óstarfhæfur, og skal þá gerðardómsmaður skipaður í hans stað af þeim aðila sem upphaflega skipaði hann. Ef aðilinn, sem upphaflega skipaði hann, skipar ekki gerðardómsmann í hans stað innan eðlilegs tíma skal hinn aðilinn að gerðardómsmeðferðinni eiga rétt á að leita til Héraðsdóms Reykjavíkur um að skipa staðgengil. Nú fellur þriðji gerðardómsmaðurinn frá eða verður óstarfhæfur og skal þá, ef gerðardómsmennirnir tveir, sem skipaðir voru af aðilum, geta ekki komið sér saman um staðgengil, gerðardómsmaður skipaður í hans stað af Héraðsdómi Reykjavíkur.

4.5 Aðilar skuldbinda sig hér með, að því er varðar gerðardómsmeðferð sem hafin er skv. 3. málsg. þessarar 4. greinar, að framkvæma niðurstöðu gerðardómsins án tafar og afsala sér hvers kyns rétti til þess að áfrýja nokkru álitamáli um staðreyndir málsins eða lagaatriði að því marki sem hægt er að afsala sér slíkum rétti svo að gilt sé. Aðilar samþykkja að úrskurðir, sem kveðnir eru upp varðandi gerðardómsmeðferð sem hafin er skv. 3. málsg. þessarar 4. greinar séu endanlegir og bindandi fyrir aðila frá þeim degi sem þeir eru kveðnir upp.

4.6 Að því er varðar framkvæmd úrskurðar eða skipunar, sem kveðin er upp samkvæmt gerðardómsmeðferð sem hafin er samkvæmt samningi þessum, afsalar hvor aðili sér hér með óafturkallanlega, að því marki sem framkvæmanlegt er, að því er varðar hann sjálfan, tekjur hans og eignir (án tillits til notkunar þeirra eða áætlaðrar notkunar), allri friðhelgi á grundvelli fullveldis eða á öðrum svipuðum grundvelli að því er varðar

- i. lögsögu einhvers dómstóls þar sem leitað er fullnustu;
- ii. lausn með lögbanni, skipun um efnidir *in natura*, eða endurheimt eigna;
- iii. aðför í eignum; og

- iv. framkvæmd eða fullnustu hvers kyns dóms sem hann, tekjur hans eða eignir gætu annars þurft að þola.

í hverju tilviki fyrir sig með gildi frá þeim tíma sem úrskurður gerðardóms hefur verið kveðinn upp eða fyrir máli gefin. Sérhver aðili samþykkir óafturkallanlega, að því marki sem hann getur svo framkvæmanlegt sé, að hann muni ekki krefjast slíkrar friðhelgi.

## 5. grein Óviðráðanleg öfl

5.1 Í samningi þessum eru óviðráðanleg öfl skilgreind þannig að þau taki til ófriðar (hvort sem um stríðsýfirlýsingu er að ræða eða ekki), stýrjaldaraðgerða, hersetu, byltinga, uppreisna, borgarastýrjalda, óeirða, upphota, fjöldauppnáms, múgæsinga, sjóránsaðgerða, skemmdarverka, geislavirkni, farsóttu, sprenginga, eldsvoða, jarðskjálfta, eldgosa, storma, flóðbylgja, flóða, mikillar ísingar, þurrka, eldinga, sóttkvía, flutningsbanna, almennrar stöðvunar á flutningum eða siglingum eða hvers kyns ámóta atvika, sem ekki er unnt að koma í veg fyrir eða hafa stjórn á með eðlilegum ráðum af hálfu aðilanna, og í þessu tilliti skulu óviðráðanleg öfl einnig taka til allherjarverkfalla, staðbundinna verkfalla, viðskiptabanna, verkfanna eða ámóta vinnutruflana á Íslandi sem aðili sá, er fyrir slíku verður, hefði ekki getað komið í veg fyrir eða haft stjórn á þótt hann hefði beitt öllum eðlilegum ráðum, sem honum voru tiltæk, en eingöngu um þann tíma, sem aðilanum var ókleift að binda enda á ástandið með öllum slíkum ráðum sem honum voru tiltæk.

5.2 Eigi skal misbrestur eða aðgerðarleysi af hálfu aðilanna um að efna nokkra skuldbindingu sína samkvæmt þessum samningi teljast vanefnd á slíkri skuldbindingu, ef og að því leyti, sem slíkur misbrestur eða aðgerðarleysi er af völdum óviðráðanlegra aflu.

5.3 Sá aðili sem bera vill fyrir sig óviðráðanleg öfl samkvæmt þessari grein skal hafa sönnunarbyrði um tilvist slíkra óviðráðanlegra aflu. Misbrestur eða aðgerðarleysi skal, að því er þessa grein varðar, því aðeins teljast vera af völdum óviðráðanlegra aflu að sá aðili, sem hlut á að slíkum misbresti eða aðgerðarleysi, sanni (a) að misbrestur hans eða aðgerðarleysi sé bein afleiðing af óviðráðanlegum öflum eins og þau eru skilgreind í 1. málsgr. 5. gr. hér að framan, og (b) að hann hafi sýnt hæfilega aðgæslu og gripið til allra annarra ráða, sem eðlileg mega teljast, til að forðast slíkan misbrest eða aðgerðarleysi.

5.4 Sérhver aðili skal tafarlaust tilkynna hinum aðilanum um óviðráðanleg öfl sem valda misbresti eða aðgerðarleysi um að efna eigin skuldbindingar hans samkvæmt samningi þessum. Jafnframt skal sá aðili gera allar eðlilegar ráðstafanir sem í hans valdi standa til að draga úr áhrifum af misbresti eða aðgerðarleysi að efna samning þennan að fullu. Aðilinn, sem ber fyrir sig óviðráðanleg öfl, skal tilkynna hinum aðilanum um lok viðkomandi atburðar af völdum óviðráðanlegra aflu og gera allar eðlilegar ráðstafanir til að hefjast handa um að efna að nýju skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum með sem minnstum mögulegum tögum.

5.5 Gildistími samnings þessa skal framlengjast um tímabil sem jafngildir þeim tíma sem atburður af völdum óviðráðanlegra aflu varði.

95050101  
32.200

06/01/1997  
15:57

DRÖG V, 6. janúar, 1997

**HAFNARSAMNINGUR**  
  
**milli**  
  
**HAFNARSJÓÐS**  
  
**GRUNDARTANGAHAFNAR**  
  
**og**  
  
**X HF.**

*Handwritten signatures and initials:*  
H J. J.  
M. J.

**Hafnarsamningur**  
**milli**  
**Hafnarsjóðs Grundartangahafnar**  
**og X HF.**

SAMNINGUR gerður hinn \_\_\_\_ dag \_\_\_\_\_ mánaðar 1997

milli

HAFNARSJÓÐS GRUNDARTANGA (hér eftir nefndur "hafnarsjóðurinn"), sem er sjálfstæður opinber sjóður í eigu Hvalfjarðarstrandarhrepps, Innra-Akraneshrepps, Leirár- og Melahrepps, Skilmannahrepps, Akranesbæjar og allra sveitarfélaga í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu annarra en þeirra sem á undan er getið, en héraðsnefndir eru í fyrirsvari fyrir hina síðarnefndu sem eigendur,

og

X HF (hér eftir nefnt "X HF") sem er íslenskt hlutafélag, með heimilisfang sitt á Grundartanga í Skilmannahreppi eða Hvalfjarðarstrandarhreppi á Íslandi, sem hefur verið stofnað samkvæmt heimildarlögum og fjárfestingarsamningi sem hvort tveggja er skilgreint hér á eftir.


MEÐ ÞVÍ AÐ X HF hefur verið stofnað hinn \_\_\_\_\_ 1997 af Columbia Ventures Corporation ("Columbia"), í þeim tilgangi að reisa og starfrækja álverksmiðju á Grundartanga í Skilmannahreppi og Hvalfjarðarstrandarhreppi, Borgarfjarðarsýslu, Íslandi, til framleiðslu á áli og til að annast skyldan rekstur;

MEÐ ÞVÍ AÐ á grundvelli heimildarlaganna hafa ríkisstjórnin (skilgreind hér á eftir) og Columbia ásamt með fyrirtækinu X HF gert fjárfestingarsamning sem felur í sér ýmsa grundvallarskilmála, skilyrði og undanþágur frá íslenskum lögum sem nýttar verða af X HF við uppbyggingu og rekstur verksmiðjunnar;

MEÐ ÞVÍ AÐ fjármálaráðuneytið ( svo sem það er skilgreint hér á eftir) hefur þegar keypt land á Grundartanga í Hvalfirði úr landi jarðanna Klafastaða og Vestra-Kataness í Skilmannahreppi og Hvalfjarðarstrandarhreppi;

MEÐ ÞVÍ AÐ hafnarsjóðurinn á, rekur og heldur við höfn og hafnarmannvirkjum á Grundartanga (sem bæði eru skilgreind hér á eftir);

MEÐ ÞVÍ AÐ X HF vill tryggja sér aðgang að höfninni og hafnarmannvirkjum (í þeim tilgangi að byggja, eiga og reka álbræðslu á bræðslulóðinni eins og bæði hugtök eru skilgreind hér á eftir) og hafnarsjóðurinn er reiðubúinn til að halda höfninni og hafnarmannvirkjum við og heimila slíkan aðgang, með þeim skilmálum sem sett eru fram hér á eftir;




ÞESS VEGNA GERA hafnarsjóðurinn og X HF (hér eftir hvor fyrir sig nefndur "aðili" en sameiginlega nefndir "aðilarnir") með sér eftirfarandi samning:

### 1. grein Skilgreiningar

- 1.1 Eftirfarandi hugtök skulu hafa eftirfarandi merkingar í þessum samningi:
- a) "Ríkisstjórnin" merkir ríkisstjórn lýðveldisins Íslands ásamt ráðuneytum þess og stofnunum.
  - b) "Fjármálaráðuneytið" merkir fjármálaráðuneyti Íslands.
  - c) "Sveitarfélögin" merkir Hvalfjarðarstrandarhrepp og Skilmannahrepp.
  - d) "Landsvirkjun" merkir Landsvirkjun, sjálfstætt félag, stofnað og rekið samkvæmt lögum nr. 42/1983.
  - e) "Hafnaryfirvöld" merkir Siglingastofnun ríkisins, sem er ríkisstofnun er hefur með höndum framkvæmd hafnarmála samkvæmt hafnalögunum, og hefur aðalaðsetur sitt í Kópavogi á Íslandi.
  - f) "Hafnarstjórn" merkir stjórn Grundartangahafnar.
  - g) "Heimildarlögin" merkir lög frá Alþingi nr. \_\_\_\_\_, \_\_\_\_\_ 1997 sem vitnað er til í formála.
  - h) "Fjárfestingarsamningurinn" merkir samning milli annars vegar ríkisstjórnarinnar og hins vegar Columbia Ventures Corporation og X HF sem vísað er til í formála þessa samnings.
  - i) "Rafmagnssamningur" merkir samninginn, sem gerður er milli Landsvirkjunar og X HF um afhendingu rafmagns fyrir álbræðsluna og tilheyrandi mannvirki hennar á hafnarsvæðinu.
  - j) "Lóðarsamningur" merkir samning milli fjármálaráðuneytisins og X HF.
  - k) "Verkefnissamningar" merkir þennan samning, fjárfestingarsamninginn, rafmagnssamninginn og lóðarsamninginn.
  - l) "Verkefnið" merkir áætlun um hönnun, byggingu, tækjavæðingu, starfsemi, rekstur og viðhald bræðslunnar.
  - m) "Bræðslan" merkir álver og tilheyrandi mannvirki verksmiðju þeirrar sem reisa og reka á í eigu X HF á Grundartanga í Skilmannahreppi og Hvalfjarðarstrandarhreppi í Borgarfjarðarsýslu í þeirri mynd og með þeim búnaði, sem það er búið hverju sinni, með upphaflega framleiðslugetu er nemur u.þ.b. 60.000 tonnum af áli með mögulegum síðari stækkunum.



- n) "Bræðslulóðin" merkir landsvæði í landi Klafastaða og Vestra-Kataness þar sem bræðslan verður staðsett eins og fram kemur með rauðum lit á bræðslulóðarkorti er fylgir í viðauka A með samningi þessum.
- o) "Bræðslulóðarkortið" merkir kort með skýringartexta og landamerkjum, sem fylgir sem viðauki A með samningi þessum, þar sem fram kemur lega verksmiðjunnar og hafnarinnar svo og mörk bræðslulóðarinnar.
- p) "Höfnin" merkir höfn og hafnarmannvirki í nágrenni við bræðsluna á Grundartanga sem er starfrækt og í eigu hafnarsjóðs Grundartangahafnar.
- q) "Hafnarsvæðið" merkir höfnina og landsvæðið á Grundartanga þar sem hafnarmannvirkin eru og verða svo sem nánar er lýst í þessum samningi og merkt er með gulu á bræðslulóðarkortið.
- r) "Hafnaráætlunin" merkir teikningar þær og verklýsingar, er fylgja í viðauka B með samningi þessum, þar sem fram kemur lega, meðaldýpi, snúningssvæði, hafnargarður og önnur einkenni hafnarinnar.
- s) "Hafnarmannvirkin" merkir stálþilsbakka þann og önnur hafnarmannvirki, sem eru grundvöllur að Grundartangahöfn, ásamt tilheyrandi búnaði í eigu hafnarsjóðsins. Skilgreiningin tekur einnig til hvers konar stækkana eða viðbóta við þessi mannvirki.
- t) "Hafnarbúnaðurinn" hefur merkingu sem fram kemur í 1.m.gr. 3.gr. og viðauka C með samningi þessum.
- u) "Hafnalögin" merkir hafnalög nr. 23/1994 og lög nr. 6/1996 ásamt reglugerð nr. 232/1996 og öðrum reglugerðum sem gilda almennt og samgönguráðherra setur á hverjum tíma samkvæmt þeim lögum.
- v) "Hafnareglugerðin" merkir reglugerð um hafnamál nr. 232/1996 og hafnarreglugerð fyrir Grundartangahöfn nr. 214/1980 og aðrar reglugerðir almenns efnis er samgönguráðherra gefur út á hverjum tíma samkvæmt hafnalögum.
- w) "Hafnagjaldskráin" merkir gjaldskrá fyrir hafnir nr. 107/1996 og reglugerð nr. 128/1996, sem gefnar eru út á hverjum tíma af samgönguráðherra samkvæmt hafnalögum og lögum nr. 86/1993.
- x) "Hafnagjöld" merkir gjöld sem lögð eru á samkvæmt hafnalögunum og hafnareglugerð og hafnagjaldskránni.
- y) "Vörugjöld" hafa þá merkingu sem skilgreind er í hafnalögum, hafnareglugerð og hafnagjaldskránni.
- z) "Skipagjöld" hafa þá merkingu sem skilgreind er í hafnalögum, hafnareglugerð og hafnagjaldskránni.



- 1.2. Í samningi þessum gildir eftirfarandi, nema samhengi krefjist annars:
- a) Fyrirsagnir einstakra greina eru einungis til hagræðis og hafa ekki áhrif á túlkun þessa samnings;
  - b) Ekki er gerður greinarmunur á eintölu og fleirtölu;
  - c) Tilvísun til persónu tekur til hvaða fyrirtækis, félagsskapar, sjóðs, samstarfshóps, félags, hlutafélags sem er eða annars skrásetts félags svo og stjórnarstofnunar eða stofnunar ríkisins;
  - d) Tilvísun til greinar, málsgreinar eða viðauka vera tilvísun til þeirrar greinar, þeirrar málsgreinar eða þess viðauka samkvæmt samningi þessum;
  - e) Tilvísun til skjals tekur til breytinga, viðbóta eða skjals sem kemur í stað eða er endurnýjun á því skjali, en horfa skal framhjá sérhverjum breytingum, viðbótum eða skjölum sem koma í stað eða til endurnýjunar og brjóta gegn samningi þessum; og
  - f) Tilvísun til aðila að skjali taka til þess aðila sem við tekur og samþykktara framsalshafa.

## 2. grein

### Hafnarmannvirki

2.1. Hafnarsjóðurinn skal á eigin kostnað halda höfninni við samkvæmt upphaflegum verklýsingum og tryggja að hafnarmannvirkjum sé vel viðhaldið.

2.2. Nú skemmist eða eyðileggst höfnin og/eða hafnarmannvirkin og skal hafnarsjóðurinn þá þegar hefja og halda áfram þeim viðgerðum sem þörf er á eða endurbyggingu hafnarinnar og/eða hafnarmannvirkja með þeim hætti að þau verði í sama ásigkomulagi og þau voru í áður en að slíkt tjón eða eyðilegging átti sér stað.

## 3. grein

### Búnaður á vegum X HF.

3.1. X HF skal eiga rétt til að reisa, halda við og reka á bryggjunni, á eigin kostnað og áhættu, einn eða fleiri hafnarkrana, soglosunarbúnað, færiband, súrálstanka og vinnuskýli fyrir hafnarstarfslið X HF, svo og annan sérstakan búnað, svo sem honum er nánar lýst í viðauka C með samningi þessum (sameiginlega hafnarbúnaðurinn). X HF skal hafa fullt eignarhald á hafnarbúnaði sínum í höfninni. X HF skal hvenær sem er heimilt að fjarlægja hvaða hluta hafnarbúnaðarins sem er án greiðslna (annarra en um getur í 7. mgr. 3. gr. og 7. gr. samnings þessa) eða hvers konar bóta til hafnarsjóðs vegna brottflutningsins. Brottflutningur hafnarbúnaðarins eða sérhvers hluta hans skal vera í samræmi við lög, reglugerðir og starfsleyfi álbræðslunnar ("starfsleyfið") sem gefið er út samkvæmt 1. mgr. 5. greinar fjárfestingarsamningsins. Þegar gildistími þessa samnings er runninn út eða ef honum hefur verið rift áður skal X HF fjarlægja

*Handwritten signatures and initials:*  
H.F. 7.  
M.T.

hafnarbúnað sinn innan sanngjarnra tímamarka eða eignarráð yfir slíkum búnaði flytjast til hafnarsjóðsins með samþykki hans.

3.2. Kranarnir, sem X HF setur upp í samræmi við 1. mgr. 3. gr., skulu heimilir til afnota fyrir hafnarsjóðinn og vegna annarra notenda hafnarinnar, háð tímasetningum sem X HF samþykkir, á þeim tímum þegar kranarnir eru ekki í notkun af hálfu X HF og gegn sanngjarnri greiðslu sem X HF ákveður fyrir þau afnot, en starfsmenn sem starfa fyrir hönd X HF skulu annast stjórn þeirra. Fyrirkomulag á notkun krananna í þágu annarra skal háð undangengnu samkomulagi milli X HF og hafnarsjóðsins. X HF getur neitað um notkun á krönum sínum ef, að réttmætu mati X HF, slík not stofna öryggi í hættu eða ef notin valda auknu viðhaldi á þeim. Aðgangur þriðja aðila að mannvirkjum X HF skal takmarkaður við hafnarkranana nema X HF fallist á annað. X HF skal eiga fullkominn rétt á að neita að afferma eða ferma við höfnina hættuleg efni eða hættulegan úrgang, eins og þau eru skilgeind í reglugerð um flutning hættulegra efna nr. 801/1982 eða í mengunarvarnarreglugerð nr. 48/1994.

3.3. Ef annað er ekki tilgreint í viðauka C, skal X HF eiga þess kost að setja niður, halda við og starfrækja á hafnarsvæðinu, á eigin kostnað vörugeymsluhús fyrir bræðsluna, háð nánara samkomulagi aðilanna um nákvæma stærð og staðsetningu.

3.4. X HF skal ekki greiða lóðarleigu eða önnur sambærileg gjöld til hafnarsjóðsins fyrir afnot af hafnarlandinu undir hafnarbúnað sinn.

3.5. Til að mæta hluta af kostnaði X HF við hafnarbúnaðinn, skal hafnarsjóðurinn greiða X HF, sem lán, upphæð er nemur allt að þremur milljónum (3.000.000.-) Bandaríkjadala. Skal greiðsla eiga sér stað annað hvort 90 dögum eftir móttöku skriflegrar yfirlýsingar frá X HF með viðeigandi sönnun um að jafngildri fjárhæð hafi sannanlega verið varið til framkvæmda við búnaðinn eða þann dag sem rafmagnssamningur X HF og Landsvirkjunar öðlast fullt gildi, hvor dagurinn sem síðar verður. Eftir móttöku ofangreindrar skriflegrar yfirlýsingar, skal hafnarsjóði heimilt að endurskoða þær fjárhæðir sem X HF tilgreinir að það hafi varið í hafnarbúnaðinn. Slík endurskoðun skal framkvæmd af fyrirtæki löggiltra endurskoðenda á Íslandi, sem báðir aðilar samþykkja. Kostnaður vegna endurskoðunarinnar skal greiddur af hafnarsjóði nema um sé að ræða efnislegt misræmi milli skriflegrar yfirlýsingar X HF og skriflega endurskoðunarskýrslu.

3.6. Ákveði X HF að fjárfesta í kostnaðarminni hafnarbúnaði en lýst er í viðauka C með samningi þessum skal upphæð sú sem fram kemur í 5. málsg. 3. gr. að framan lækka sem því nemur, þó að því tilskildu að X HF áskilur sér rétt til að breyta hafnarbúnaðinum eins og honum er lýst í viðauka C, að fengnu samþykki hafnarsjóðs.

3.7. Til að fjármagna kostnað við hafnarbúnað X HF, mun hafnarsjóðurinn taka tvö lán hvort á fætur öðru með ríkisábyrgð til samtals 15 ára. Fyrra lánið mun fjármagna greiðsluna skv. 5. málsgrein þessarar greinar þar til [1. júlí 2000]. Síðara lánið skal vera til 12 ára frá [1. júlí 2000]. X HF skal endurgreiða hafnarsjóðnum kostnaðinn við hafnarbúnað X HF, í samræmi við 5. mgr. 3. gr. og 6. mgr. 3. gr. með vöxtum og kostnaði m.v. eftirfarandi skilmála:

*[Handwritten signatures and initials]*  
H.S.S.  
MT

- a) Vextir (samkvæmt (c) hér að neðan) fyrra lánsins skulu leggjast við höfuðstól lánsins árlega.
- b) Afborganir ásamt vöxtum skv. (c) hér að neðan, skulu greiddar í jöfnum greiðslum ársfjórðungslega í tíu ár frá [1. júlí 2000].
- c) Gjaldfallnir vextir lánanna skulu vera þeir sömu og lánin sem hafnarsjóðurinn tekur til að fjármagna verkefnið að viðbættu álagi er nemi 0,35%, sem er til að mæta ríkisábyrgðargjaldi og umsýslukostnaði.
- d) Lánin skulu tiltekin í bandaríkjadöllum eða öðrum slíkum gjaldmiðli sem aðilarnir eru sammála um.

Endurgreiðslum X HF er frekar lýst og þær áætlaðar í greiðsluáætlun sem fylgir samningi þessum sem viðauki D. Ef skilmálar þess láns sem hafnarsjóðurinn tekur til að fjármagna hafnarbúnaðinn eru aðrir en áætlaðir eru í viðauka D sem fylgir samningi þessum, þegar framkvæmdum lýkur og áður en hafnarsjóðurinn innir af hendi greiðslu skv. 5. málsg. 3. gr. hér að ofan, samþykka aðilar þessa samnings yfirfara og breyta greiðsluáætlun í samræmi við ofangreinda skilmála og þá reiknireglu sem kemur fram í viðauka D. Einum mánuði áður en hafnarsjóðurinn gengur frá lántöku á árinu [2000] skal hafnarsjóðurinn tilkynna X HF skriflega um skilmála hins nýja láns. X HF skal hvenær sem er hafa rétt til að greiða upp það fé sem X HF hefur fengið frá hafnarsjóðnum skv. 5. málsg. 3. gr. bæði höfuðstól og áfallna vexti ásamt kostnaði sem slík flýting uppgreiðslu kynni að hafa í för með sér.

#### 4. grein

##### Afnot hafnar og hafnarmannvirkja

4.1. X HF, umboðsmenn þess, starfsmenn og verktakar skulu eiga fullan aðgang að (þ.m.t. inngang og útgang) og afnot af höfninni og hafnarmannvirkjunum til uppskipunar, útskipunar og geymslu á efnum, tækjabúnaði og varningi vegna byggingar og reksturs bræðslunnar, þar með talinn flutningur og bráðabirgðageymsla á slíkum efnum, tækjabúnaði og varningi innan hafnarsvæðisins í samráði við hafnarstjóra að teknu tilliti til réttinda Íslenska járnblendifélagsins hf. samkvæmt hafnarsamningi þess fyrirtækis og hafnarsjóðsins dagsettum 17. maí 1977.

4.2. Háð samkomulagi við Íslenska járnblendifélagið hf. eins og fram kemur í 6. gr. þessa samnings, skal X HF næst á eftir Íslenska járnblendifélaginu hf. hafa forgangsrétt til afnota og aðgangs að höfninni og hafnarmannvirkjunum umfram aðra notendur að því tilskildu að X HF gefi upp með fjórtán daga fyrirvara áætlun um komu og brottfarir skipa í þjónustu bræðslunnar og láti hafnarstjóran vita með minnst þriggja daga fyrirvara um áætlaðan komutíma sérhvers slíks skips.

4.3. Með hliðsjón af því að hafnarsjóðurinn sér um rekstur og viðhald hafnarinnar og með hliðsjón af því að hafnarsjóðurinn veitir X HF tiltekinn forgangsrétt til notkunar hafnarinnar svo og afslátt á vörugjöldum, skuldbindur X HF sig til að nota ekki aðrar hafnir til alls venjulegs innflutnings á helstu hráefnum til bræðslunnar og til alls útflutnings á áli sem framleitt er í bræðslunni (að undanskildum skipsförmum sem

*[Handwritten signatures and initials]*

nema minna en 100 tonnum ) enda séu hafnargjöld skv. 7. gr. samkeppnishæf við gjöld sem álögd eru í öðrum höfnum við Faxaflóa. X HF skal auk ofangreindra undantekninga eingöngu hverfa til innflutnings helstu hráefna og útflutnings áls um aðrar hafnir við óvenjulegar kringumstæður, s.s. ef höfnin eða hafnarmannvirkin geta ekki annað flutningi X HF. Þessi skuldbinding skal gilda svo lengi sem þessi samningur er í gildi.

4.4. X HF skal gæta almennra regla um öryggi og góða reglu í afnotum sínum af höfninni, þar á meðal þeirra reglna, sem settar kunna að verða eru í hafnareglugerðinni.

## 5. grein

### Skipulag og rekstur hafnarinnar

5.1. Höfnin og hafnarmannvirkin að Grundartanga eru í eigu hafnarsjóðsins, sem starfrækir þau og heldur þeim við. Höfnin er rekin sem almenn höfn í samræmi við hafnalögin

5.2. Stjórn og starfræksla hafnarinnar er í höndum hafnarstjórnar fyrir hönd og á ábyrgð fulltrúaráðs eigenda hafnarsjóðs. Hafnarstjóri sér um daglegan rekstur og yfirumsjón hafnarinnar fyrir hönd hafnarsjóðs.

5.3. Reglur um siglingar í höfninni, þ.á.m. reglur um hafnsögu og notkun dráttarbáta, og umferð á hafnarsvæðinu, skulu vera eins og nánar er kveðið á um í hafnarreglugerðinni og hafnargjaldskránni.

5.4. Rekstur hafnarinnar af hálfu hafnarsjóðsins tekur ekki til fermingar eða affermingar á skipum, sem til hafnarinnar koma á vegum X HF, né heldur til starfsrækslu eða viðhalds á hafnarbúnaði samkvæmt 3. gr. samnings þessa sem er á ábyrgð X HF.

5.5. X HF mun leggja til starfsfólk til að sjá um festingu og legustað skipa, sem til hafnarinnar koma á vegum X HF, svo og um afgreiðslu á vatni til slíkra skipa samkvæmt nánara samkomulagi við hafnarstjórnina. Hafnarsjóðurinn getur óskað eftir því að þessi þjónusta af hálfu X HF nái einnig til skipa, er koma annarra erinda. Ef X HF samþykkir að veita slíka þjónustu er X HF er heimilt að taka sanngjarna þóknun fyrir sérhverja slíka þjónustu.

## 6. grein

### Samráð

